



Munu hækka verð og segja upp fólki

Innlent **2**

Ný könnun á meðal ferðapjónustuaðila sýnir að launahækkunum verður mætt með hagræðingu.



Bólusetningarskylda gæti haft öfug áhrif

Innlent **4**

Sóttvarnarlæknir telur ekki ástæðu til að taka upp bólusetningarskyldu þrátt fyrir ný tilfelli mislinga hér á landi.



Varnarleysi gagnvart peningavætti

Fréttaskýring **6**

Ísland er í kappi við tímann við að koma upp viðeigandi vörnum gagnvart peningavætti.



Stjórnuhrap Justins Trudeau

Erlent **20**

Forsætisráðherra Kanada, sem hefur átt vinsældum að fagna, berst nú fyrir pólitísku lífi sínu vegna hneykslismáls.

MANNLÍF

Fréttir um Ísland / Heimurinn



Þ Viðtalið / Þórhildur Sunna Evarsdóttir

Þöggunararkúltúrin á þinginu

Óþægileg mál eru kerfisbundið þöggud niður á Alþingi og það gæti meðvirkni með ofbeldismönnum, segir þingmaðurinn Þórhildur Sunna Evarsdóttir. Sjálf hefur hún verið skotspónn persónulegra árása sem hún lítur á sem vörn vitsmunalega gjaldþrota fólks.



BIRTINGUR EHF
Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík
s: 515 5500

Útgefandi og ábyrgðarmaður:
Halldór Kristmannsson

Framkvæmdastjóri:
Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir

Markaðsfulltrúar: Bjarni Þór Jenson,
Garðar Ingi Leifsson og Ásgeir Aron Ásgeirsson

Umbrot og hönnun: Ivan Burkni

Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson

Aðstoðarútgáfustjóri Mannlífs:
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Umsjónarmenn:
Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir,
Sigríður Elín Ásmundsdóttir, Steingerður Steinarsdóttir

Kjarninn: Þórður Snær Júlíusson

Forsíða Mannlífs: Aldís Pálsdóttir

Auglýsingar: auglysingar@birtingur.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Dreifing: Póstdreifing



Ísafoldarprentsmiðja - Umhverfissvottun 141 825



Roald Viðar Eyvindsson
Útgáfustjóri

Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Aðstoðarútgáfustjóri


Magnús Geir Eyrjólfsson
Fréttastjóri



Guðný Hönn Antonssdóttir
Vefstjóri Mannlífs

Egill Páll Egilsson

Fríðrika Benónýsdóttir



Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir

Sigríður Elín Ásmundsdóttir

Steingerður Steinarsdóttir

BLAÐAMENN

Elín Bríta Sigvaldadóttir, Bergþóra Jónsdóttir,
Helga Kristjáns, María Eiría Kjartansdóttir, Íris Hauksdóttir, Svava Jónsdóttir,
Sigrún Guðjohnsen, Steinar Fjeldsted,
Sjöfn Þórbjörnsdóttir

LJÓSMYNDARAR

Aldís Pálsdóttir yfirljósmyndari, Hallur Karlsson, Hákon Davíð Björnsson
Heiðís Guðbjörg Gunnarsdóttir

PRÓFÖRK

Guðný Þórarinsdóttir, Guðriður Haraldsdóttir, Ragnheiður Linnét

LUMAR ÞÚ Á FRÉTT?
Sendu ábendingu á
ritstjorn@mannelif.is.



Innleent

FERÐAÞJÓNUSTA

Munu hækka verð og segja upp fólki

Könnun á meðal ferðaðþjónustuaðila sýnir að launahækkunum verður mætt með hagræðingu.

63 prósent fyrirtækja í ferðaðþjónustu munu þurfa að bregðast við niðurstöðum kjarasamninga með hagræðingaraðgerðum. Eitt af hverjum þremur fyrirtækjum mun þurfa að grípa til uppsagna. Árið gæti reynt mörpum ferðaðþjónustufyrirtækjum afar erfitt.

Þetta er á meðal niðurstaðna viðhorfskönnunar sem KPMG gerði fyrir Samtök ferðaðþjónustunnar (SAF) en ekki hefur verið greint frá niðurstöðunum opinberlega, fyrr en nú. Benda þær til þess að þungur róður sé framundan í þessari helstu atvinnugrein þjóðarinnar. „Það stefnir í mjög hörð átök og við erum að sjá bókunarstöðuna fyrir hótelin á höfuðborgarsvæðinu vera talvert verri fyrir næsta sumar en frá árinu áður,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaðþjónustunnar um niðurstöðu könnunarinnar. Hann bætir við að áhrifa af yfirvofandi verkföllum sér þegar farið að gæta. „Það er dýrt að ferðast til Íslands og það er segin saga að ef ferðamenn sjá fyrir að það verði vandamál með hótalgistingu eða annað sem snýr að ferðinni; þá er eins víst að fólk afbóki, fresti ferðinni, velji sér annan áfangastað eða komi síðar.“

Skórinn krepur víða

Könnunin nær til um 200 fyrirtækja í öllum geirum ferðaðþjónustunnar. Það vekur athygli að flest fyrirtæki í þessum geira, eða 56 prósent, eru lítil fyrirtæki með 10 eða færri starfsmenn. 38 prósent þeirra velta innan við 100 milljónum króna á ári. Þegar forsvarsmenn fyrirtækjanna eru spurðir út í lykilmálið í rekstri fyrirtækisins í ár standa þrjú svör upp úr: gengismál, kjaramál (launaþróun) og hagræðing í rekstri. Þetta er breyting frá því áður þar sem gæðamál og samkeppni við erlenda aðila voru efst á baugi. „Það er bara verið að spá í kostnað. Þetta snýst um að ná tökum á rekstrinum,“ segir Sævar Kristinsson, stjórnendaráðgjafi hjá KPMG. „Það blasir við að skórinn krepur víða í ferðaðþjónustunni,“ útskýrir hann og vitnar til þess að 63 prósent svarenda hafi talið líklegt eða mjög líklegt að það þurfi að bregðast við niðurstöðum kjarasamninga með hagræðingu. „Svo er spurning hvernig á að hagræða, líklegt er að starfsfólki fækki og það er þegar byrjað.“

Uppsagnir yfirvofandi


Flest fyrirtækin, 35 prósent, horfa til þess að fækka starfsfólki verði gengið að kröfum verkalyðsfélaganna í yfirstandandi kjaraviðræðum. 22 prósent segjast munu hækka verð á vörum eða þjónustu á meðan 21 prósent nefna aðrar hagræðingaraðgerðir. Einungis 13 prósent segjast ekki þurfa að grípa til sérstakra aðgerða. Jóhannes segir að spurningin sem blasir við sé sú hverjir munu tapa á verkfallsaðgerðum. „Ég held að verkalyðsfélögin séu ekki að átta sig á því að þeirra félagsmenn munu ekki verða kátir með afleiðingarnar af þessu. Fyrirtækin segja öll að þau þurfi að hagræða mjög mikið í rekstri, og við vitum öll hvað það þýðir. Launakostnaðurinn er langstærsti þátturinn rekstrinum og eina leiðin til að skera niður launakostnað er að fækka störfum.“

Verkföll hafa snjóboltaáhrif


Líkt og fram kom í Mannlífi í síðustu viku benda flestar hagtölur til samdráttar í ferðaðþjónustu, hvort sem horft er til fjölda ferðamanna, fjölda flugferða til og frá landinu og fjölda gistinátta. Forsvarsmenn verkalyðsfélaga hafa lýst því yfir að ferðaðþjónustan sé aðalskotmarkið á meðan forsvarsmenn hennar segja að þangað sé einfaldlega ekkert að sækja. Jóhannes segir áhrif vinnustöðvuna nái langt út fyrir þau fyrirtæki sem vinnustöðvanir eiga að ná til og nefnir sem dæmi afþreyingarfyrirtæki sem bjóða upp á sérsniðnar ferðir eins og vélsleðaferðir á jökla. „Þar eru hópferðarfyrirtækin mjög mikilvæg. Ef þau detta út þá þarf annað hvort að finna einhverjar reddingar sem kosta meira, það þarf að finna mannskap og bíla og í sumum tilfellum er það ekki hægt. Þannig að þetta hefur gríðarleg áhrif langt út fyrir þau fyrirtæki sem aðgerðir beinast beint að. Auk þess vitum við í rauninni ekki hvenær snjóboltinn rennur sitt skeið á enda þegar hann fer af stað á þessu bókunartímabili fyrir sumarið eða hversu lengi þetta mun hafa áhrif á íslenska ferðaðþjónustu, hver eftirköstin verða.“

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaðþjónustunnar.


Hversu líklegt telur þú að þitt fyrirtæki muni þurfa að bregðast við kjarasamningum með hagræðingaraðgerðum?



Telur þú að samkeppnishæfni íslenskrar ferðaðþjónustu muni styrkjast eða veikjast árið 2019?



Hvernig telur þú að þitt fyrirtæki muni bregðast við nýjum kjarasamningum verði gengið að kröfum verkalyðsfélaganna?



„Fyrirtækin segja öll að þau þurfi að hagræða mjög mikið í rekstri, og við vitum öll hvað það þýðir.“



Lífið er svo mikið skemmtilegra í lit



Apple MacBook Air

Verð frá: 219.990

Dökkgrár | Gull | Silfur

8. kynslóð Intel örgjörva - Retina skjár
Touch ID - Thunderbolt 3.
Endurhannað lykilorð, þynni og léttari.
Allt að 12 tíma rafhlöðuending.
Aðeins 1.25 kg

Apple iMac

Verð frá: 199.990

Glæsilegir og bjartir 21.5"/27" 4K Retina skjár
og 7. kynslóð fjögurra-kjarna Intel örgjörvi
gera hana að öflugri tölvu í margskonar vinnslu.

Apple MacBook Pro

Verð frá: 239.990

Dökkgrár | Gull | Silfur

Tilvalin fyrir atvinnumenn og þá sem vilja alvöru hraða
Bjartur Retina-skjár.
7. og 8. kynslóð Intel Core örgjörva



Apple iPad

Verð frá: 59.990

Dökkgrár | Gull | Silfur

iPad: Verð frá 59.990
iPad mini: Verð frá 73.990
iPad Pro: Verð frá 144.990



*Vaxtalaus greiðsludreifing

Epli býður handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli í allt að 6 mánuði. Við kaupverð leggst 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 405 kr., við hvern gjalddaga.

Laugavegi 182 og Smáralind · Sími 512 1300 · epli.is



Innlent

HEILSA

Heimsógn

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) birti á dögum lista yfir **10** mest aðstoðjandi heilsufarsógnir sem blasa við mannkyninu í dag. Tregða eða móþrói við bólusetningu þrátt fyrir aðgengi að bóluefnum er ein þessara ógna og er bent á að mislingum hafi fjölgað um **30%** á heimsvísu.

Langhagkvæmasta leiðin

Að mati **WHO** eru bólusetningar langhagkvæmasta leiðin til að koma í veg fyrir sjúkdóma. Á hverju ári koma þær í veg fyrir **2-3** milljónir dauðsfalla á ári og hægt væri að koma í veg fyrir **1,5** milljón dauðsfalla til viðbótar með aukinni dreifingu bóluefna á heimsvísu.

Alvarlegir fylgikvillar

Bólusetning gegn mislingum gefur um **95%** vörn. Mislingar geta verið hættablegir og valdið dauða og allt að **10%** þeirra sem sýkjast fá alvarlega fylgikvilla, svo sem heilabólgu eða lungnabólgu.

Dýrkeyptur svikahrappur

Fölsuð rannsókn breska lækisins Andrew Wakefield, sem birtist í læknatímaritinu **Lancet** árið **1998**, er einhver afdrifariíkasta og lífseigasta svikamylla nútímalækisfræði. Í henni var haldið fram að tengsl væru á milli bóluefna gegn mislingum (MMR) og einhverfu. Þrátt fyrir að rannsóknin hafi margoft verið hrakin, Wakefield fundinn sekur um að falska niðurstöður rannsóknarinnar og hann sviptur lækna-leyfi árið **2011**, er mýtan sem hann setti fram afar lífseig á meðal andstæðinga bólusetninga.



Síðan greinin var birt hafa vísindamenn gert tugi rannsókna til að sannreyna niðurstöður Wakefields og engin þeirra hefur sýnt sömu niðurstöðu. Nú síðast í þessari viku birtust niðurstöður danskrar rannsóknar sem er ein sú umfangsmesta til þessa og náði til yfir **650** þúsund barna sem voru fædd á árunum **1999** til **2010**. Þær sýna svart á hvítu að ekki fundust nein tengsl á milli bóluefna (MMR) og einhverfu. „Foreldrar ættu ekki að sleppa því að bólusetja börnin sín af ötta við einhverfu. Hættan er sú að mislingar láti aftur á sér kræla og við sjáum nú þegar merki þess með faröldrum víðs vegar um heiminn,“ segir Dr. Anders Hviid hjá Statens Serum Institut í Kaupmannahöfn og aðalhöfundur rannsóknarinnar.

En Wakefield er ekki af baki dottinn og heldur áfram að reyna að græða á svikamyllu sinni. Árið **2016** sendi hann frá sér heimildamyndina „Vaxxed: From Cover Up to Catastrophe“ þar sem enn er alíð á mýtunni um einhverfu. **Amazon** fjarlægði í vikunni myndina úr streymisþjónustu sinni eftir að hafa verið gagnrýnt fyrir að dreifa fölsuðum boðskap. Önnur tækniyfirtæki á borð við **Facebook**, **Pinterest** og **YouTube** hafa heitið því að koma böndum á andróður gegn bólusetningum sem byggðar eru á blekkingum.

Bólusetningarskylda gæti haft öfug áhrif

Sóttvarnarlæknir telur ekki ástæðu til að taka upp bólusetningarskyldu þrátt fyrir ný tilfelli mislinga hér á landi. Slikar aðgerðir gætu jafnvel haft öfug áhrif. Hlutfall bólusettra er lægra en æskilegt þykir en fyrirbyggjandi aðgerðir ættu að duga til að koma málum í rétt horf.

Texti / Magnús Geir Eyjólfsson



Mislingar eru afar sjaldgæfir á Íslandi en mislingafaraldur hefur geislað í Evrópu undanfarnar ár og nú nýverið í Bandaríkjunum, eins og rakið er hér.

Fjórir einstaklingar hafa greinst með mislinga á Íslandi nýlega, tveir fullorðnir og tvö börn. Öll voru þau óbólsett en börnin eru yngri en 18 mánaða sem er sá aldur sem er bólusett fyrir mislingum. Sá sem fyrstur greindist með mislinga smitaðist erlendis en hinir þrír smituðust í flugi Iceland Air Connect (áður Flugfélag Íslands) þann 15. febrúar. Mislingar eru afar smitandi eins og þessi tilfelli sýna og smitast þeir auðveldlega á milli einstaklinga í sama loftrými og við litla sem enga snertingu.

Bólusetningarhlutfall barna á Íslandi hefur almennt verið mjög gott sem sést á því hversu vel hefur gengið að halda smitsjúkdómum á borð við mislinga í skefjum. Þó hefur heldur gefið eftir undanfarnar ár líkt og fram kom í riti Landlæknisembættisins í fyrra um þátttöku í almennum bólusetningum barna á Íslandi. Þar segir: „Þátttaka barna í bólu-

setningum við 18 mánaða og 4 ára aldur hér á landi er ekki ásettaleg og ef fram heldur sem horfir, þá geta blossað hér upp bólusetningasjúkdómar sem ekki hafa sést um árabil.“

Í ritinu kemur einnig fram að hlutfall bólusettra barna hafi lengi verið við 98 prósent, en Landlæknir metur að hlutfallið þurfi að vera í kringum 95 prósent til að koma í veg fyrir hjarðónæmi. Um miðjan síðasta áratug fór hlutfallið ört lækkandi, fór niður fyrir 95 prósent milli árána 2010 og 2011 og nálgast nú 90 prósent.

Skylda gæti fælt fólk frá

Árið 2015 lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fram tillögu um að leikskólar borgarinnar tækju ekki við óbólusettum börnum án læknisfræðilegra ástæðna. Sú tillaga var felld. Landlæknisembættið blandaði sér í þá umræðu og sagði að ekki væri þörf á slíkum ráðstöfunum. Bólusetningar væru almennt í góðu horfi og nær væri að að bæta innköllunarkerfi heilbrigðisstarfsmenn um mikilvægi bólusetninga til að halda uppi góðri þátttöku. Þórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir segir að afstaða embættisins



Þórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir.

sé óbreytt þrátt fyrir þau tilfelli sem nú hafa komið upp. „Við sjáum ekki smit hjá hópum sem hefðu átt að vera búnir að fara í bólusetningu. Það yrði alveg ný nálgun að skylda fólk í bólusetningu og gæti jafnvel haft þau áhrif að fleiri myndu setja sig upp á móti bólusetningum. Við miðum við að 95 prósent þurfi að vera bólusett til að koma í veg fyrir hjarðónæmi og það vantar ekki mikið upp á og því verður helst náð með því að fara í aðgerðir til að ná betri þátttöku, þá í gegnum inntökukerfið og með aukinni fræðslu.“

Fáir andstæðingar bóluefna á Íslandi

Mislingar eru afar sjaldgæfir á Íslandi en mislingafaraldur hefur geislað í Evrópu undanfarnar ár og nú nýverið í Bandaríkjunum, eins og rakið er hér til hliðar. Í Bandaríkjunum hafa spjótin beinst gegn hreyfingum sem berjast gegn bólusetningum (e. anti-vaxxers) og þeim skaðlegu áhrifum sem fylgja boðskap þeirra og var málið meðal annars tekið fyrir á Bandaríkjaþingi í vikunni. Þar kom meðal annars fram að styrkur þessara hreyfinga er hvað mestur í norðvesturhluta Bandaríkja, einmitt þar sem neyðarástandi hefur verið lýst yfir vegna mislinga.


Þórólfur segir að lítið beri á hreyfingum sem þessum á Íslandi. Harðir andstæðingar bólusetninga á Íslandi séu fáir, kannski um 2 til 3 prósent. Hefur áður komið fram hjá Landlæknisembættinu að ástæður þess að börn eru ekki bólusett séu frekar af „tæknilegum toga“ en andstöðu foreldra við bólusetningar. Svo virðist sem mislingatilfellin í vikunni hafi hreyft við mörgum foreldrum því mikil ásókn hefur verið í bólusetningar síðustu daga og gengur hratt á birgðirnar í landinu. Búið er að panta meira bóluefni.

Óhugnanleg aukning í hinum vestræna heimi

Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna hefur varað við óhugnanlegri aukningu mislinga á heimsvísu. Tíu lönd eru ábyrg fyrir **74%** aukingarinnar og greinst hafa mislingar í löndum þar sem áður hafði tekist að útrýma sjúkdómnum. Mislingatilfellum fjölgaði í **98** löndum í heiminum í fyrra samanborið við árið 2017 og segir UNICEF að baráttan gegn mislingum sé á undanhaldi. Mest varð aukningin í Úkraínu, Filíppseyjum og Brasilíu.

Sum þeirra landa þar sem flest tilfelli greinst eru alla jafna lönd þar sem aðgengi að bóluefni er takmarkað. Hins vegar vekur athygli að Frakkland er á meðal þessara tíu landa en fyrir rúmum áratug hafði Frökkum nánast tekið að útrýma mislingum. Í fyrra greindust **2.913** með mislinga samanborið við **519** árið áður. Ástæðan er einfaldlega sú að færri foreldrar láta bólusetja börnin sín.

Þetta er þróun sem á sér víðar stað í hinum vestræna heimi. Í tilkynningu UNICEF segir að sexföldun hafi orðið á mislingatilfellum í Bandaríkjunum milli árána 2017 og 2018. Mislingafaraldur geisar nú í New York og Washington-ríki og var neyðarástandi lýst yfir í



því síðarnefnda í janúar. „Við eigum öruggt, skilvirkt og ódýrt bóluefni gegn þessum mjög smitandi sjúkdómi – bóluefni sem hefur bjargað milljónum mannlífa undanfarna tvo áratugi. Jafnvel þótt mislingar séu sjúkdómurinn, þá er raunverulega sýkingin kæruleysi, vantraust og rangar upplýsingar. Við þurfum að gera meira til að upplýsa alla foreldra,“ segir Henrietta Fore, framkvæmdastjóri UNICEF.



MISLINGAR OG BÓLUSETNINGAR

Mislingar er veirusjúkdómur og einkennist af hita og útbrotum um allan líkamann. Mislingaveiran er afar smitandi og berst milli manna með úða frá öndunarfærum (til dæmis hósta og hnerra). Veiran getur lifað og valdið smiti í allt að tvær klukkustundir eftir að hún berst út í andrúmsloftið. Einkenni mislinga koma fram um **10-12** dögum eftir smit og geta

verið mismikil eftir einstaklingum. Þau byrja oft með flensulíkum einkennum. Á þriðja eða fjórða degi veikindanna koma í flestum tilfellum fram



útbrot sem ná yfir allan líkamann og standa í **3-4** daga, eða þar til sjúkdómurinn fer að réna. Mislingaveiran getur verið hættableg og jafnvel valdið dauða.

Alvarlegir sjúkdómar, eins og eyrna- eða lungnabólga, kviðverkir, uppköst, niðurgangur og einnig heilabólga, geta verið afleiðing mislinga. **Alvarlegar heilaskemmdir** af völdum mislinga geta einnig komið fram mörgum mánuðum eftir sýkinguna. **Sýklalyf** gagnast lítið gegn mislingum þó getur verið nauðsynlegt að meðhöndla sýkingar

sem eru afleiðingar af sjálfum sjúkdómnum með syklyfjum. Alvarlegar aukaverkanir bólusetninga eru mjög fátiðar en geta sést hjá um það bil einum af hverjum **500.000-1.000.000** bólusettum. Hugsanlegur skaði af bólusetningu er því margfalt minni en sá skaði sem hlýst af sjúkdómnum sem bólusetningin kemur í veg fyrir.

*Heimild: Landlæknisembættið



mazda



MAZDA CX-5 AWD

ER BÚINN ÞVÍ ALLRA BESTA FRÁ MAZDA

Hönnuðir Mazda leggja hjarta sitt og sál í að hanna bíla sem uppfylla ströngustu kröfur þínar um þægindi, akstursupplifun, gæði og öryggi.

Nýr Mazda CX-5 hefur verið endurhannaður að utan sem innan.

Öflugri vél og meiri dráttargetu gera hann tilvalinn ferðafélaga.

Hann er þægilegur jafnt fyrir ökumann sem og farþega.

Mazda CX-5 ber af í sínum flokki og búinn öllu því besta frá Mazda.

**KOMDU, REYNSLUAKTU & UPPLIFÐU
MAZDA CX-5 AWD**

ELSKAÐU AÐ KEYRA MAZDA

VERÐ FRÁ 5.790.000 KR.



Öruggur staður til að vera á

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardag kl. 12-16

mazda.is



Varnarlaus gagnvart peningaþvætti árum saman

Ísland er í kappi við tímann að sýna alþjóðlegum samtökum að landið sinni almennilegu eftirliti gagnvart peningaþvætti, eftir að hafa fengið falleinkunn í úttekt í fyrra. Vandamálið er ekki nýtt af nálinni. Fjármálaeftirlitið gerði úttektir á íslenskum bönkum árið 2007 þar sem voru gerðar alvarlegar athugasemdir við framkvæmd eftirlits með þvætti. Þeim var ekki fylgt eftir „vegna starfsmannaskorts og sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði“. Þegar Fjármálaeftirlitið afhenti á endanum umræddar úttektir þá höfðu stórir hlutar þeirra ýmist verið fjarlægðir eða svertir.

Vöxtur íslensku bankanna fyrir hrun var gríðarlegur. Saman tuttugufölduðust Kaupþing, Landsbanki Íslands og Glitnir að stærð á um sjö árum, frá byrjun árs 2002 og fram að endalokunum haustið 2008.

Vöxturinn var meðal annars drifinn áfram af áhættusamri og hraðri sókn inn á nýja markaði sem bankarnir þekktu lítið sem ekkert. Þangað sóttu þeir sér nýja viðskiptavinum og tóku þátt í útrás annarra inn á óþekktar lendur.

Allt þetta leiddi til þess að miklir fjármunir runnu um æðar bankakerfisins, og enduðu oft í skattskjólum sem kröfðust lítillar upplýsingagjafir en lögðu þeim mun meiri áherslu á leynd yfir því hverjir viðskiptavinir þeirra voru.

Við þessa eðlisbreytingu á íslensku bankakerfi, sem tengdist á þessum árum af alvöru hinu alþjóðlega fjármálakerfi, jukust líkur á athæfi á borð við peningaþvætti. Í því felst að koma ólögmatum fjármunum í umferð með því að nýta löglegar leiðir til þess.

Ýmsir þurfa að stunda slíka háttsemi, t.d. skipulagðir glæpahópar sem meðal annars selja fíkniefni eða stunda mansal á svörtum markaði. Þeir þurfa

að þvætta rekstrarhagnað sinn til þess að hægt sé að nota hann í raunheiminum.

Skattsvikarar, þeir sem hafa framið auðgunarbrot og fólk sem hefur komið fjármunum undan réttmætum kröfuhöfum sínum er í sömu stöðu. Það þarf að gera peningana sína sem eru illa fengnir, eða í raun eign annarra, „hreina“ þannig að þeir geti notað þá aftur.

Áhyggjum komið á framfæri 2006

Þessi staða gerði það að verkum að mun ríkari kröfur þurfti að gera til allra, bæði fjármálaþyrftækjanna sjálfra og eftirlitsaðila, um að koma í veg fyrir að peningaþvætti ætti sér stað, enda kolólöglegt og skaðlegt fyrir samfélagið.

Alþjóðlegu samtökin Financial Action Task Force (FATF) hafa lengi haft það hlutverk að móta aðgerðir til að hindra að fjármálakerfið sé misnotað í þeim tilgangi að koma illa fengnu fé aftur í umferð. Þau hófu eftirlit með Íslandi á árunum fyrir hrun og skiluðu fyrstu skýrslu sinni um ástandið hér í október 2006. Í niðurstöðunum var því lýst yfir að samtökin hefðu áhyggjur af virkni eftirlits með peningaþvætti á Íslandi.

”

„Allt þetta leiddi til þess að miklir fjármunir runnu um æðar bankakerfisins, og enduðu oft í skattskjólum sem kröfðust lítillar upplýsingagjafir.“

Bæði Fjármálaeftirlitið og embætti ríkislögreglustjóra fengu athugasemdir fyrir að hafa ekki veitt nægilegum kröftum í málaflökkinn.

Brugðist var við með því að setja á fót peningaþvættisskrifstofu ríkislögreglustjóra. Á henni starfaði lengst af einn maður sem sinnti nær engri frumkvæðisskyldu heldur treysti á tilkynningar frá bönkum og öðrum aðilum um að viðskiptavinir þeirra væru mögulega að stunda þvætti. Auk þess ætlaði Fjármálaeftirlitið að framkvæma reglulegri og ítarlegri úttektir á fjármálaþyrftækjum vegna þessa. Þær úttektir beindust fyrst og síðast að stóru bönkunum þremur: Kaupþingi, Landsbanka Íslands og Glitni.

Alvarlegar athugasemdir við eftirlit Glitnis

Þann 12. desember 2006 sendi Fjármálaeftirlitið bréf til Glitnis þar sem bankanum var tilkynnt um að það ætlaði að framkvæma athugun á því hvernig Glitnir stæði að aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í júlí 2007 lágu fyrir drög að skýrslu um niðurstöðu þeirrar úttektar. Fjármálaeftirlitið var tilbúið að afhenda Kjarnanum hluta hennar en synjaði aðgengi að þorra



Glitinum — Fyrirbyggir mígreni

Viðurkennd meðferð til að fækka mígreniköstum.

Fullorðnir: 1 hylki á dag. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



florealis.is/glitinum

TIMEOUT

HÆGINDASTÓLL + SKEMILL
LEður / VIÐARHLIÐAR

TILBOÐ

TILBOÐSVERÐ FRÁ KR. 268.560

fullt verð frá kr. 335.700



CONFORM®

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS [f](#) / linanehf [t](#) / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16



skýrslunnar. Kjarninn hefur hins vegar skýrsluna í heild sinni undir höndum.

Þar eru gerðar ýmsar alvarlegar athugasemdir. Í niðurstöðukafla skýrsludraganna segir: „Í skýrslunni eru gerðar talsverðar athugasemdir við aðgerðir Glitnis banka hf. við aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við framkvæmd bankans við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna og einnig eru gerðar athugasemdir við stöðu ábyrgðarmanns og meðferð hans á tilkynningum sem berast frá starfsmönnum. Þá eru gerðar athugasemdir við miklar tafir á afhendingu upplýsinga frá bankanum sem gefa, að mati Fjármálaeftirlitsins, til kynna ófullnægjandi aðgang ábyrgðarmanns að gögnum og upplýsingum og að bankinn búi ekki yfir kerfi til þess að geta brugðist með skjóttum hætti við fyrirspurnum frá lögreglu og öðrum yfirvöldum. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að slík niðurstaða sé ekki ásættanleg fyrir alþjóðlegan viðskiptabanka á við Glitni.“

Fjármálaeftirlitið gaf Glitni einkunn í fjórum flokkum í tengslum við úttektina. Hvað varðar áreiðanleikakannanir fékk bankinn einkunnina „Ófullnægjandi“, sem var lakasta einkunn í boði. Hvað varðar aðra flokka fékk bankinn einkunnina „Ábótavant“, sem var sú næst lakasta.

Starfsmannaskortur og sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði

Miðað við þessar niðurstöður, og þá staðreynd að Fjármálaeftirlitið krafðist margvíslegra tafarlausra úrbóta, hefði mátt ætla að málinu hefði verið fylgt eftir af festu. Niðurstaðan benti enda til þess að Glitni væri ekki að framkvæma áreiðanleikakannanir af neinu viti á viðskiptavinum sínum. Þar af leiðandi lá ekkert fyrir hvort peningarnir þeirra væru löglega fengnir né hvort verið væri að nota Glitni til að láta þá öðlast lögmæti.

Í svari Fjármálaeftirlitsins við fyrirspurn Kjarnans um málið kemur hins vegar fram að það hafi ekki náð að ljúka við gerð lokaskýrslu um Glitni og peningþvætti „vegna starfsmannaskorts og sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.“

Sama gildi um útibú Glitnis í London. Fjármálaeftirlitið hóf athugun á því í apríl 2007. Þeirri athugun lauk ekki með formlegri niðurstöðu. Drög að niðurstöðu liggja ekki einu sinni fyrir.



„Fjármálaeftirlitið gaf Glitni einkunn í fjórum flokkum í tengslum við úttektina. Hvað varðar áreiðanleikakannanir fékk bankinn einkunnina „Ófullnægjandi“, sem var lakasta einkunn í boði. Hvað varðar aðra flokka fékk bankinn einkunnina „Ábótavant“, sem var sú næst lakasta.“

Í útgáfunni af skýrsludrögum sem Fjármálaeftirlitið afhenti Kjarnanum var búið að fjarlægja 20 blaðsíður. Þar á meðan niðurstöðukaflann þar sem varnir Glitnis gegn peningþvætti fá fallelkunn eftirlitsins.

Lítill hluti úr skýrslu um Landsbankann afhentur

Sömu sögu er að segja um skýrsludrög vegna skoðunar á Landsbanka Íslands. Fjármálaeftirlitið hóf athugun á honum í mars 2007 og í september sama ár lágu fyrir drög að niðurstöðu sem send var til bankans.

Kjarninn óskaði eftir því að fá umrædd drög afhent en fékk þau einungis að litlum hluta. Búið er að strika yfir stóran hluta þeirra blaðsíðna sem afhentar voru auk þess sem sem blaðsíður 7-34 höfðu verið fjarlægðar, þar á meðal niðurstöðuhluti þeirra.

Í svari Fjármálaeftirlitsins við fyrirspurn Kjarnans kom fram að ekki hafi náðst að ljúka skoðun á Landsbanka Íslands „vegna starfsmannaskorts og sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.“

Fjármálaeftirlitið hóf einnig athugun á útibúi Landsbanka Íslands í London í apríl 2007, en lauk henni hvorki með drögum né formlegri niðurstöðu.

Viðunandi en samt gerðar athugasemdir

Eini bankinn sem Fjármálaeftirlitið lauk athugun á með formlegri niðurstöðu var Kaupþing. Eftirlitið hóf athugun á innra eftirliti og starfsaðgerðum bankans í mars 2007 sem „miðuðu að því að koma í veg fyrir peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka“. Athugininni lauk með formlegri niðurstöðu og sendi Fjármálaeftirlitið bankanum lokaskýrslu í júní 2008.

Kjarninn fékk þá skýrslu afhenta að hluta en var synjað um aðgang að öðrum hlutum hennar, meðal annars viðauka sem inniheldur nöfn tiltekinnna viðskiptamanna bankans sem skoðaðir voru. Í skýrslunni er búið að sverta þá hluta hennar sem Fjármálaeftirlitið taldi sér óheimilt að afhenda.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins í skýrslunni var sú að Kaupþing hefði stigið mikilvæg skref í átt að því að efla varnir gegn peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka með „ítarlegum reglum og verkferlum, framkvæmd áreiðanleikakannana og átaki í fræðslumálum fyrir starfsmenn“. Þar segir enn fremur að Fjármálaeftirlitið telji ljóst hafi verið „að skilningur á mikilvægi þessara aðgerða og stuðningur við þær nær til æstu stjórnenda bankans og bankaráðs sem er mjög mikilvægt.“

Kaupþing fékk einkunnina „Viðunandi“ í öllum flokkum vegna aðgerða bankans. Í niðurstöðukaflanum segir hins vegar að í skýrslunni séu „gerðar athugasemdir við tiltekin atriði í framkvæmd bankans á áreiðanleikakönnunum vegna nýrra viðskiptavina[...]Einnig eru í skýrslunni gerðar athugasemdir við stöðu ábyrgðarmanns.“ Í þeim hluta skýrslunnar sem er ekki svertur er hægt að sjá að niðurstaða úrtaks sem framkvæmt var vegna áreiðanleikakannanna hafi komið í ljós að áreiðanleikakönnun Kaupþings hafi reynst vera ófullnægjandi í átta prósent tilvika.

Miklum fjárhæðum komið undan á afgangseyjur

Þeir þrír bankar sem fjallað er um hér að framan hrundu síðan auðvitað allir snemma í október 2008. Sett voru upp fjármagnshöft nokkrum vikum síðar sem voru ekki að fullu afnumin fyrr en í síðustu viku, rúmum áratug eftir að þeim var komið á.

Málum sem rata inn til rannsakenda fjölgar hratt



Skattannsóknarstjóri birti frétt á vef sínum 26. febrúar síðastliðinn þar sem embættið fór yfir aðgerðir sínar vegna peningþvættis á undanföllum árum. Þar kom fram að 37 peningþvættismál hefðu verið skráð hjá embættinu á árunum 2016 til 2018. Meirihluti þeirra, eða 20 talsins, voru skráð í fyrra.

Á árinu 2018 lauk rannsókn í alls sex málum sem áttu rætur að rekja til greininga peningþvættisskrifstofu. Í fréttinni sagði að gera megi ráð fyrir að ríkissjóður hafi orðið af 178 milljónum króna í skatttekjur einungis af þessum sex málum. „Nú eru á annan tug mála til meðferðar og í ljósi áherslu stjórnvalda á þennan málaflokk verður á næstu misserum lagður aukinn kraftur í rannsóknir þessara mála hjá skattannsóknarstjóra.“

RÚV greindi svo frá því á miðvikudagskvöld að tilkynningar vegna grunsamlegra peningafærsla til peningþvættisskrifstofu héraðssaksóknara, sem nú heitir skrifstofa fjármálgreininga lögreglu) hafi margfaldast á síðustu árum. Árið 2015 hafi þær verið 158 en í fyrra hafi fjöldi þeirra verið tæplega áttfalt fleiri, eða um 1.200 talsins. Þar var haft eftir Ólafi Þór Haukssyni héraðssaksóknara að helsta skýring þessa væri sú að höftin hafi verið afnumin árið 2017 og þá hafi fjármálafærslur aukist í framhaldinu. „Á sama tíma er verið að hvetja fjármálastofnanir og tilkynningarskylda aðila til þess að senda og gera viðvart þegar þeir sjá eitthvað grunsamlegt. Síðan hefur sú eining sem vinnur við þetta hjá okkur verið stækkuð sem gerir okkur fær um að herða aðeins á þessu.“

Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari. Mynd / Hringbraut



ÞREYTT Á AÐ VERA ÞREYTT?

Járnskortur getur verið ein ástæðan. Floradix hjálpar þér að viðhalda góðri heilsu og heilbrigði.



Engin aukaefni!

Fæst í apotekum, heilsuvörubúðum og heilsuhillum matvöruverslana

ALLT AÐ
ÚTSALA 90%
AFSLÁTTUR

SPIL

BARNAFÖT

TRÉLEIKFÖNG

FÖNDURVÖRUR

SEGULLEIKFÖNG

PROSKALEIKFÖNG

ÚTIVISTARBAKPOKAR

TÖLVUTÖSKUR

MYNDAVÉLATÖSKUR

FERÐATÖSKUR

OPNUNARTÍMI

Virka daga kl. 11:00-18:00

Laugardaga kl. 11:00-17:00

Sunnudaga kl. 11:00-17:00

MARGT & MIKIÐ

PÚSL



kjarninn

FRÉTTASKÝRING

En við hrúnið lá þó fyrir að mörg hundruð milljarða króna hið minnsta hafði verið komið fyrir í aflandsfélögum. Fyrir liggur að hluti þess fjár er annað hvort fé sem leynt hefur verið frá réttmætum kröfu- höfum eða ávinningur af skattsvikum. Skattalagabrot fyrnast á sex árum og því eru flestir þeirra sem komust hjá því að greiða háar fjárhæðir til samneysunnar hérlendis með því að fela peninganna sína í skattaparadísnum fyrir haustið 2008 sloppnir frá ákæru vegna slíkra mála. Sama gildir hins vegar ekki um peningavætti, en til dæmis öll tilfærsla á peningum sem eru ávinningur af skattalagabrotum fellur undir þá skilgreiningu.

Dæmi um þetta er mál Júlíusar Vífls Ingvarssonar, fyrrverandi borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem var opinberaður í Panama-skjölunum. Hann viðurkenndi við rannsókn málsins að hafa framið skattalagabrot með því að gefa ekki upp til skatts tekjur sem hann geymdi á aflandsreikningi, en áttu að skattleggjast á Íslandi. Það brot var hins vegar fyrnt þegar játningin kom fram. Júlíus Vífill var þess í stað ákærður fyrir peningavætti. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi hann í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brotið 18. desember síðastliðinn. Þeim dómi hefur verið áfryjað til Landsréttar. Niðurstaðan þar getur verið fordæmisgefandi gagnvart mörgum annarra sem yfirvöld telja að hafi gerst sekir um nú fyrnd skattalagabrot, og voru opinberaðir í Panama-skjölunum.

Aðrir sem átt hafa bólgna reikninga á aflandseyjum hafa getað nýtt sér þær leiðir sem Seðlabanki Íslands hefur boðið upp á á haftaárunum til að koma peningum aftur til Íslands og láta þá öðlast ótvírætt lögmæti. Frægust þeirra leiða er fjárfestingarleið Seðlabankans. Það á bæði við um innlenda og erlenda aðila og viðmælendur Kjarnans sem störfuðu við að aðstoða slíka við að nýta sér þessa leið segja að lítið hafi verið um að áreiðanleiki viðskiptivananna og uppruni fjármunanna sem til stóð að ferja inn í landið hafi verið kannaður.

Þau orð ríma ágætlega við það sem Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari sagði í sjónvarpsþættinum 21 á Hringbraut 3. október síðastliðinn þegar hann var spurður hvort aðgerðir Íslendinga til að koma í veg fyrir að peningavætti hefðu verið viðunandi á undanförunum árum. „Þessu eru auðsvarað,“ sagði Ólafur, „nei það er það ekki.“

Ísland fær fallelkunn

Þrátt fyrir að legið hafi fyrir frá árinu 2007 hið minnsta, samkvæmt úttektum Fjármálaeftirlitsins sem hér hefur verið fjallað um, að eftirlit með peningavætti hafi verið verulega ábótavant þá var lítið að gert hérlendis árum saman.



VANTAR ÞITT FYRIRTÆKI EÐA HÚSFÉLAG
REGLUBUNDIN OG VÖNDUÐ ÞRIF?

Traust þrif geta bætt við sig þrifum
fyrir fyrirtæki og húsfélög.



Góð meðmæli og traust þjónusta fyrir þá sem vilja aðeins meira.

Hafðu samband við okkur í síma 782-0503 eða á
traustthrif@gmail.com og fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki eða húsfélag.



Peningavætti víða á Norðurlöndunum

Kjarninn fór í byrjun árs 2019 fram á að fá aðgang að þeim úttektum sem Fjármálaeftirlitið gerði á bönkunum þremur varðandi varnir gegn peningavætti frá árinu 2006 og fram að hrúni. Auk þess var óskað eftir því að fá allar aðrar skýrslur, drög eða úttektir sem gerðar voru um saman efni.

Ástæðan var tvíþætt. Í fyrsta lagi hafa þær upplýsingar sem fram hafa komið um starfsemi Kaupþings, Landsbanka Íslands og Glitnis á síðustu árum, í rannsóknarskýrslum, dómsmálum og fjölmiðlaumfjöllun, sýnt að þótt íslensku bankarnir þrír hefðu allir á sér yfirbragð faglegra fyrirtækja var umsjón og eftirlit með útlánum lélegt og ófaglegt. Í raun má segja að hvatinn til að vaxa hafi verið miklu sterkari en hvatinn til að byggja upp stöndug fyrirtæki. Því var til staðar freistnivandi um að hefja viðskipti við viðskiptavini sem ekki störfuðu að öllu leyti löglega.

Í öðru lagi hafa nokkrir stórir bankar í nágrenni Íslands verið bendlaðir við stórfellt peningavætti. Í fyrra var það Danske Bank og þvætti í gegnum eistneskt útibú bankans á árunum 2007 til 2015. Hinn sænski Swedbank átti einnig aðild að því máli. Svo var framkvæmd húsléit í höfuðstöðvum Deutsche Bank í nóvember í fyrra vegna grunsemda um peningavætti, en sá banki var í miklu samkurlu við íslenska banka fyrir hrun og hefur auk þess leikið stórt hlutverk á meðal kröfuhafa föllnu bankanna síðastliðinn áratug. Nýjasta hneykslið snýr svo að Nordea bankanum í Danmörku, sem á að hafa notað auðmannaútibú sitt í Vesterport til að þvætta peninga.

Fyrsta efnislegt svar Fjármálaeftirlitsins barst 24. janúar. Í því er farið yfir þær athuganir sem eftirlitið framkvæmdi á hverjum banka fyrir sig á árunum fyrir hrun hvort þær hafi í raun verið kláraðar svo hægt væri að ganga úr skugga um að áhyggjur FATF væru raunverulegar. Og ef svo væri, hvað þyrfti þá að gera til að bæta úr því. Þá var skýrsla Fjármálaeftirlitsins um Kaupþing afhent að hluta en drög að skýrslu um Glitni og Landsbanka Íslands ekki að svo stöddu.

Kjarninn fór fram á að fá fleiri gögn afhent og barst annað svar 19. febrúar 2019. Með því fylgdi hluti af drögum að skýrslum um frammistöðu Glitnis og Landsbanka Íslands við að verjast peningavætti.

Raunar rönkuðu yfirvöld ekki við sér af alvöru fyrr en í apríl 2018 þegar FATF skilaði af sér úttekt á Íslandi þar sem niðurstaðan var sú að varnir landsins gegn peningavætti fengu fallelkunn. Sérstaklega var þar fjallað um fjármagnshöftin sem voru við lýði á Íslandi frá nóvember 2008 og fram í mars 2017. Í skýrslu FATF sagði: „Þessum höftum var lyft í mars 2017 og yfirvöld hafa ekki tekið tillit til þeirra áhrifa sem það geti haft á áhættu vegna peningavættis/fjármögnun hryðjuverkasamtaka í landinu.“

Íslandi var gefið fram á mitt ár 2019 til að bregðast við. Ef úrbætur yrðu ekki nægjanlegar, og Ísland færi á lista FATF yfir ósamvinnuþýð ríki myndi það, að mati innlendra hagsmunaaðila, leiða til þess að orðstír og trúverðugleiki Íslands á alþjóðavettvangi biði verulega hnekki.

Ef Ísland yrði sett á slíkan lista myndi það einnig leiða til þess að gerðar yrðu strangari kröfur til landsins og aðila sem þar búa um hvers konar fjármálastarfsemi, stofnun útibúa, dótturfélaga og umboðsskrifstofa og jafnvel útgáfu aðvarana um að viðskipti við íslenska aðila sem gætu falið í sér hættu á peningavætti.

Skýrsla FATF ýtti verulega við málum hérlendis. Það þurfti að bregðast við þessum athugasemdum hratt, auk þess sem fyrir lá að fjórða peningavætti-istilskipun Evrópusambandsins yrði tekin upp í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) í desember 2018.

Starfshópur á vegum dómsmálaráðherra var því settur í að semja frumvarp um heildarendurskoðun á lögum um peningavætti og fjármögnun hryðjuverka.

Sú vinna skilaði því að Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp um ný heildarlög 5. nóvember síðastliðinn. Málið var afgreitt frá efnahags- og viðskiptanefnd 12. desember og síðari tvær umræður kláraðar sama daginn án annarra ræðuhalda en Brynjars Níelssonar, sem mælti fyrir nefndaráli um málið sem fulltrúar alla flokka skrifuðu undir.

Frumvarpið varð að lögum með öllum greiddum atkvæðum þingmanna þann sama dag. Þau tóku gildi þann 1. janúar 2019.



„Aðrir sem átt hafa bólgna reikninga á aflandseyjum hafa getað nýtt sér þær leiðir sem Seðlabanki Íslands hefur boðið upp á á haftaárunum til að koma peningum aftur til Íslands og láta þá öðlast ótvírætt lögmæti. Frægust þeirra leiða er fjárfestingarleið Seðlabankans.“

Í greinargerð með frumvarpinu sagði að nauðsynlegt yrði að fara í heildarendurskoðun á gildandi lögum þar sem gera þarf verulegar úrbætur á lögnum til að uppfylla þær lágmarkskröfur sem gerðar eru á alþjóðavettvangi.

Nú er unnið að því víða í stjórnsýslunni að sýna FATF fram á að hérlendis séu varnir gegn peningavætti nægjanlegar. Fjölgað hefur mjög þar sem áður hét peningavættisskrifstofa héraðssaksóknara en heitir nú skrifstofa fjármálagreininga lögreglu, fjármunir hafa verið settir í að kaupa upplýsingakerfi til að taka á móti og halda utan um tilkynningar um peningavætti og eftirlit með starfsemi innan bankanna sjálfrá hefur verið eftl. „Það er í raun og veru allt kerfið undir þegar við erum að tala um þessa úttekt,“ sagði Ólafur Þór í áður nefndum sjónvarpsþætti.

Í sumar, nánar tiltekið í júní, mun koma í ljós hvort að viðbrögð Íslands hafi verið nægjanleg til að sleppa við afleiðingar af hendi FATF. Fyrir liggur þó, hvernig sem fer, að ekki var brugðist við því að hér væru lélegar varnir gegn peningavætti í meira en áratug eftir að staðfesting á því kom fram í úttektum Fjármálaeftirlitsins.

Skrúfudagurinn 2019

Opið hús í Tækniskólanum á Háteigsvegi þann 9. mars.

Fjölbreytt dagskrá frá kl. 13:00–16:00.

////////////////////////////////////
Nemendur taka á móti gestum og
leiðbeina um viðburði og skólann.
////////////////////////////////////

NÁMIÐ Í SKÓLANUM

Námsleiðir skólans, nemendabjónusta og lesaðstaða nemenda til sýnis.

FYRIRTÆKJAKYNNINGAR

Fyrirtæki í faginu kynna margvíslega
þjónustu sína.

SJÓVINNA

Gestir fá að reyna sig við að bæta net
og hnýta hnúta.

TURNINN

Eitt besta útsýni Reykjavíkur er úr turninum,
allir verða að prófa að fara upp.

VÉLARÚMSHERMIR

Opið er í vélarúmshermi, hægt að fylgjast
með vinnu í vélarúmi.

SIGLINGAHERMIR

Gestir fá að prófa stjórnstökin í glæsilegum
siglingahermi.

RAFMAAGNSFRÆÐI

Eitt og annað til sýnis og alltaf eitthvað
í gangi.

GLÓÐARHAUSAVÉL

Eins og venjulega þá verður hún gangsett,
enginn má missa af því.

GAMLAR ÚTSKRIFTARMYNDIR

Hægt verður að fletta upp gömlum
útskriftarmyndum.

VEITINGASALA

NJÓTIÐ GÓÐRA VEITINGA Í
VEITINGASÖLUNNI Á 4. HÆÐ

Skrúfudagurinn er skemmtilegur viðburður sem hentar ungum sem öldnum og hvetjum við
ekki síst foreldra, ömmur og afa og frænkur og frændur til að mæta með börn og unglinga.

Þá viljum við sérstaklega bjóða fyrrum nemendur við skólann velkomna
enda frábært tækifæri til að rifja upp gamla tíma.



Viðtalið

PÓRHILDUR SUNNA
ÆVARSDÓTTIR

Vopn þeirra sem hafa ekki neitt merkilegt fram að færa

Pórhildur Sunna Ævarsdóttir er orðin einn helsti talsmaður stjórnarandstöðunnar á þingi þrátt fyrir tiltölulega stutta þingsetu. Hún er föst fyrir og óhrædd við að taka slaginn í umdeildum málum og hefur einsett sér að berjast gegn þöggun og meðvirkni á Alþingi.

Texti / Magnús Geir Eyjólfsson

Myndir / Aldís Pálsdóttir

Förðun / Björg Alfreðsdóttir, alþjóðlegur förðunarfræðingur
Yves Saint Laurent á Íslandi







Viðtalið

ÞÓRHILDUR SUNNA
ÆVARSDÓTTIR

Það er og hefur verið ákveðinn þöggun- og meðvirkniskúltúr með ofbeldi og ofbeldismönnum, bæði í samfélaginu og inni á Alþingi og maður sér hvernig það er kerfisbundið reynt að þagga niður óþægileg mál. En við sjáum líka að það er orðið erfiðara að beita þessari taktík þótt vissulega sé það reynt, eins og í Klaustursmálinu,“ segir Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingflokksformaður Pírata. Hún hefur látið mikið að sér kveða á þeim rúmlega tveimur árum sem liðin eru frá því hún settist fyrst inn á þing. Hún er óhrædd við að láta í sér heyra og hefur fyrir vikið hlotið lof en um leið verið gagnrýnd, samanber uppátæki hennar og Björns Levís Gunnarssonar þegar þau settu upp „Fokk ofbeldi“-húfu í þingsal á meðan Bergþór Ólason flutti ræðu í þingsal. Að hennar sögn var það skyndiákvörðun gerð af vanmætti.

Stækkun Miðflokks breytir engu

Spjallið hefst á þingstörfunum í vetur og það liður ekki langur tími þar til Klaustursmálið kemur upp. Eðlilega, enda fordæmalaust mál sem skyggt hefur á flest önnur mál síðan það kom upp í lok nóvember. Það mál tók nýja stefnu á dögnum þegar þeir Karl Gauti Hjaltason og Ólafur Ísleifsson gengu í Miðflokkinn sem þar með er orðinn stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn á þingi. Þórhildur Sunna telur að þessi vending breyti litlu um valdahlutföllin á þingi. „Nei, þetta kom ekki á óvart, mér fannst þetta alltaf tímaspursmál enda snerist fundurinn frægi á Klaustri allur um það að lokka þá félagá yfir til Miðflokksins. Flokkaskiptin hafa í sjálfu sér lítil sem engin áhrif á stjórnarandstöðuna fyrir utan að nú fær Sigmundur [Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins] að vera fyrstur stjórnarandstöðuþingmanna í Eldhúsdagsumræðum og stefnuræðu forsætisráðherra. Honum finnst það eflaust frábært en ég sé ekki að það hafi mikil áhrif á okkar störf.“

Annar angi málsins sneri að formennsku Bergþórs Ólasonar í umhverfis- og samgöngunefnd þingsins. Bergþór neitaði lengi vel að verða við kröfu minnihlutans um að víkja vegna Klaustursmálsins en lét að lokum undan og varð niðurstaðan sú að Jón Gunnarsson, Sjálfstæðisflokkurinn, tók tímabundið við formennsku. Þórhildur Sunna furðar sig á því hvers vegna Miðflokkurinn hafi frekar verið til í að styrkja stöðu meirihlutans á þingi heldur en að láta samflokksmanni sínum eða öðrum flokki úr minnihlutunum formenskuna í té. „Ég held að þeir telji að þessu sæti Bergþórs sé best varið hjá Sjálfstæðisflokknum upp á það að gera að Bergþór fái það aftur á einhverjum tímamarki, að þetta sé ráðstöfun upp á það að gera og ekkert annað. Og þeir treysta sjálfstæðismönnum best til að færa Bergþóri formannssætið aftur.“

Þórhildur Sunna lítur svo á að Miðflokkurinn sé í raun orðinn fjórða hjólið undir vagni ríkisstjórnarinnar fremur en hluti af stjórnarandstöðunni. „Bergþór var búinn að sitja sem fastast í tvær vikur án þess að vilja nokkuð gera til þess að skapa vinnufríð í nefndinni og án þess að stjórnarmeirihlutinn vildi taka af skarið og fella hann fyrst Miðflokkurinn vildi ekki skipta inn þingmanni sem var ekki á Klaustri. En hann fær þessa fallettu útgönguleið á silurfati frá stjórnarmeirihlutunum. Mér þykir það gefa í skyn að það sé eitthvað samkomulag þarna á milli, að það séu einhver kaup kaups,“ segir hún og bendir jafnframt á mikinn samhljóm með ríkisstjórninni og Miðflokknum í málum eins og lækkun veiðigjalda og samgönguáætlun.

Skyndiákvörðun gerð af vanmætti

Uppákomun sem vísað var til í inngangi hlaut afar blendin viðbrögð. Á meðan sumir hrósuðu Þórhildi Sunnu og Birni Leví fyrir hugrekki voru aðrir sem vildu meina að þau hafi sett svartan blett á störf þingsins. Þórhildur Sunna viðurkennir að viðbrögðin hafi verið ákafari en hún átti von á. „Ég hefði betur mátt gera mér grein fyrir því að fólk myndi taka þessu svona illa. Þetta var ekki beint þaulskipulagt atriði. Þetta var skyndiákvörðun og eiginlega gerð af ákveðnum vanmætti,“ útskýrir hún. Þau hafi með þessu viljað mótmæla þráteflinu í kringum formennsku Bergþórs. „Þarna var Bergþór, sem formaður umhverfis- og samgöngunefndar, að ræða samgönguáætlun og mér fannst einhvern veginn ólíðandi að hann fengi að stíga þarna á stökk án þess að nokkur segði að þeim þætti það athugasvert. Á sama tíma mátti ég ekkert tjá mig um málið því þess var óskað að trúnaði yrði haldið á meðan viðræður milli þingflokksformanna stóðu yfir. En mér fannst nauðsynlegt að sýna að okkur stæði ekki á sama, að þetta væri ekki í lagi.“

Sérðu eftir þessu?

„Ég sé ekki eftir þessu en ég held að ef ég hefði haft meiri tíma til að hugsa þetta þá hefði ég mögulega ekki þorað að gera þetta.“ Engu að síður segist Þórhildur Sunna skilja að fólki hafi sárnað þessi framkoma en þetta hafi verið gert undir ákveðnum kringumstæðum. „Við stóðum þarna í tvær sekúndur með þessar húfur til þess að sýna okkar skoðun á því að hann sæti þarna áfram sem formaður umhverfis- og samgöngunefndar og, að því að ég best veit, trufluðum hans ræðu nákvæmlega ekki neitt. Rétt á undan voru umræður um samgönguáætlun og ekki ein einasta kona í stjórnarandstöðu fékk að klára eina setningu í andsvörum við stjórnarþingmenn vegna ítrekaðra og mjög dónalegra framkalla frá stjórnarmeirihlutunum. Að því er virtist skipulagt. Það var hluti af þessu líka. Mér misbauð þessi framkoma.“

Gagnrýnin í kjölfar þessarar uppákomu var á köflum æði persónuleg og gerðu nafnkunnir menn sér far um að gera athugasemdir við líkamsvöxt Þórhildar Sunnu. „Það voru einhverjir sem fóru út í að gera athugasemdir við hvernig ég liti út og sögðu að þarna væri lítil húfa á stórum skrokki. Mér finnst þetta vera talsmáti og árásir sem vitsmunalega gjaldþrota fólk notar til þess

”
„Flokkaskiptin hafa í sjálfu sér lítil sem engin áhrif á stjórnarandstöðuna fyrir utan að nú fær Sigmundur að vera fyrstur stjórnarandstöðuþingmanna í Eldhúsdagsumræðum og stefnuræðu forsætisráðherra. Honum finnst það eflaust frábært ...“

„Ég var eiginlega bara sótt,“ segir Þórhildur Sunna um tildrog þess að hún fór í framboð fyrir Pírata. Fram að því að hafði hugur hennar stefnt á að vinna að mannréttindamálum á erlendri grundu.



að ráðast á fólk sem það á ekkert í hugmyndafræðilega. Ef þú hefur ekkert betra að segja um mig og mína pólitík en að setja út á hvernig ég lít út, þá er kannski ekkert sérstaklega mikið varið í þinar skoðanir.“ Aðspurð hvort hún taki slíkar athugasemdir nærri sér svarar hún: „Já, það er ekkert voðalega þægilegt að útlitið á manni sé á milli tannanna á fólki. Ég held að engum finnst það þægilegt. En á sama tíma er það töluverð huggun harmi gegn að þetta eru vopn þeirra sem hafa ekki neitt merkilegt fram að færa.“

Beita kerfisbundinni þöggunartaktík

Þau tvö og hálf ár sem Þórhildur Sunna hefur setið á þingi segist hún hafa greint ákveðið mynstur í því hvernig óþægileg mál eru tæklud í umræðunni. „Ég sé þetta endurtekið og kalla þetta þöggunartaktík. Þá er byrjað að gera lítið úr málinu og segja að þetta sé ekkert til þess að tala um. Þetta snýst um að smætta málið og gera það sem minnst. Þegar það dugar ekki er gripið til næsta ráðs sem er að skjóta sendiboðann. Það er að ráðast á þá sem benda á vandamálið, gera þeirra hlut sem minnstan og gera lítið úr þeirra persónu og hvötum. Þegar það slær ekki á umræðuna er fundinn einhver annar sökudólgur eða blóraþöggull, sem er mjög klassískt trikk í þessari bók. Því næst eru allir gerðir samsekir og sagt að þetta sé öllum að kenna og þess vegna er þetta ekki neinum að kenna. Síðasta trikkið í þessari hringrás er svo sögufalsanir og eftiráskýringar þar sem annaðhvort er farið út með hreinar lygar eða eftiráhagræðingu á sannleikanum.“

Þórhildur Sunna nefnir bæði „uppreist æru“- málið og Klaustursmálið í þessu samhengi. Í því síðarnefnda hafi þeir sem þar komu við sögu reynt að gera sem minnst úr málinu og talað um að þetta væri einungis fyllirísrófl á bar. Svo var farið í að skjóta sendiboðann sem í þessu tilviki var Bára Halldórsdóttir sem tók samtalið upp á barnum. Næsti sökudólgur var fundinn í Steingrími J. Sigfússyni þingforseta áður en Klaustursmenn gerðu alla samseka með því að segja að svona orðræða væri viðtekin venja á þingi. Loks hafi þeir komið fram með ýmiss konar mistrúverðugar eftiráskýringar eftir því sem málinu hefur undið fram. „Það sama gerðist í „uppreist æru“- málinu. Til dæmis steig Brynjar Niélfsson fram og sagði að það væru til verri brot gegn börnum en þau sem Robert Downey framdi gegn Nínu Rún, Höllu, Glódisi Töru og Önnu Katrínu – eða þegar Bjarni sagði eftir fall ríkisstjórnarinnar að hugur þeirra hafi alltaf verið með þolendum.“

Þórhildur Sunna þakkar MeToo-umræðunni að erfiðara er að beita þessari taktík en áður. „Það er erfiðara fyrir meðvirknina að ná tökum á fólki og það er erfiðara fyrir þessa þöggunartaktík að virka á mál. Það er auðveldara að koma málum á dagskrá og það er erfiðara að taka þau af dagskrá með þessari taktík sem stjórnálmamenn og aðrir hafa notað til að koma sér undan óþægilegum málum. Athyglin var alltaf á þeim sem var brotið á frekar en þeim sem braut á þeim. Þetta virkar síður núna vegna MeToo. Dagskrárvaldið er ekki lengur í höndunum á þeim sem frömdu brotið heldur geta þolendur líka haldið dagskránni á lofti. Meðvirknin með brotamönnum fer þverrandi þótt hún geti enn verið of rík í sumum tilfellum.“

Tókum illa á fyrsta alvörumálinu

Þegar MeToo-byltingin hófst var Alþingi fljótt að bregðast við og efndu þingmenn til svokallaðrar rakararáðstefnu og var útkoman meðal annars sú að breyta siðareglum þingsins á þann hátt að óviðeigandi hegðun verði ekki liðin. Var Alþingi í fararbroddi þjóðþinga þegar kom að viðbrögðunum við MeToo. Þórhildur Sunna, sem situr í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins og er formaður laga- og mannréttindanefndar þess, hefur tekið málið upp á þeim vettvangi. „Það er stutt síðan Alþjóðþingmannasambandið í samstarfi við Evrópuráðsþingið, gaf út mjög svarta skýrslu um áreitni í garð þingkvenna og starfsmanna

ALVEG NÝR FORD FOCUS



MARKAR NÝJA TÍMA!

Nýr Ford Focus markar nýja tíma hvað varðar tækni, þægindi, innra rými og akstursupplifun í sínum flokki fólksbíla. Hann hefur fengið frábæra dóma um allan heim.

**Ford tekur þig lengra,
komdu, upplifðu og reynsluaktu nýjum Ford Focus**

Staðalbúnaður er sérlega ríkulegur:

Mikill öryggisbúnaður: Ökumannsvaki (Drivers Alert), Árekstravari (Active City Stop), Veglínuskynjari (Lane Keeping Alert). Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu (112), My Key búnaður (forritanlegur lykill með takmörk á hámarkshraða, hljóðstyrk hljómtækja ofl.), Apple CarPlay og Android Auto, Stillanlegir akstursmátar (Normal/Eco/Sport) o. m. fl.

VERÐ FRÁ AÐEINS: 3.190.000 KR.

Einnig fáanlegur sjálfskiptur og station



Ford tekur þig lengra
Komdu, reynsluaktu og upplifðu nýjan Ford Focus



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is



Viðtalið

ÞÓRHILDUR SUNNA
ÆVARSDÓTTIR

Í þjóðþingum þessara stofnana og mér finnst mikilvægt að við bregðumst hratt og örugglega við því alþjóðlega og kerfisbundna ofbeldi sem birtist í þeirri skýrslu. Ég lagði fram tillögu sem fjöldinn allur af þingmönnum Evrópuráðsþingsins hefur undirritað. Tillagan felur í sér að samin verði skýrsla sem fer yfir þróun MeToo-hreyfingarinnar í pólitík og leggi til breytingar á siðareglum Evrópuráðsþingsins. Þórhildur Sunna er framsögumaður skýrslunnar sem tekin var fyrir í jafnréttisnefnd Evrópuráðsþingsins í gær, en skýrslan sjálf verður svo á dagskrá þingsins 9. apríl. „Ísland mun koma þar við sögu enda vorum við fyrsta þjóðþingið til þess að bregðast við MeToo með rakararáðstefnu innan þings. Mér finnst samt dapurlegt að þurfa að færa þær fregnir líka að við höfum tekið mjög illa á fyrsta alvörumálinu sem upp kom í kjölfarið, og að enn sjái ekki til lands í Klausturmálinu.“

Sinnuleysi gagnvart hinum verst settu

Annað mál sem Þórhildur Sunna berst fyrir lýtur að heildarendurskoðun lögræðis laga og hefur þingsályktunartillaga þess efnis verið lögð fram. Gömlu lögin eru, að hennar mati, barn síns tíma. Þau feli í sér mjög ríka forræðishyggju gagnvart borgurunum, einkum og sér í lagi þeirra sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu. Í skjóli þeirra laga hafi ríkisvaldið tæki til að fara fram með offorsi gegn þessum hópum. „Ef við horfum á fólk sem á við geðsjúkdóma að stríða, þá er allt regluverk í kringum réttindi þess mjög veikt og völdin sem yfirvöld og lækna hafa yfir lífi þess eru gríðarlega mikil. Varnir fólksins við því að vera beitt órétti, offorsi, þvingaðri meðferð eða jafnvel frelsissviptingu eru gríðarlega takmarkaðar og standast engar mannréttindakröfur, standast ekki alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og við erum langt á eftir öllum löndum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við þegar kemur að mannréttindum.“

„**Síðasta trikkið í þessari hringrás er svo sögu-falsanir og eftir-áskýringar þar sem annaðhvort er farið út með hreinar lygar eða eftiráhagræðingu á sannleikanum.**“

Þannig séu réttarheimildir til að frelsissvipta fólk mjög rúmar. „Það er nóg að lækni telji að þú sért með alvarlegan geðsjúkdóm til þess að geta svipt þig frelsi. Réttarstaða fólks við að missa frelsið, vera jafnvel sprautað niður með geðbreytandi efnum, er gríðarlega veik. Þetta á líka við fólk sem á við alvarlegan áfengis- og fíkniefnavanda að stríða. Ég held að þetta komi til af því að við teljum okkur búa í þetta litlu samfélagi að það séu bara allir að passa upp á alla en átti sig ekki á því að þeim mun smærra sem samfélagið er, þeim mun mikilvægara er að það gildi skýrar og strangar reglur um allar skerðingar á réttindum fólks, sérstaklega því sem stendur höllum fæti í samfélaginu. Vegna þess að hætta á því að einhver kunningssskapur ráði för er svo rík í svona samfélagi.“ Kerfisbundnir fordómar hafa einnig áhrif þar á. „Mér hefur fundist vera ákveðið sinnuleysi, fjárskortur og pólitísk forgangsroðun sem veldur því að minnihlutahópar, hvort sem það er fatlað fólk, geðsjúkir, fangar eða vímuefnaneytendur, hafa fengið að vera aftast í röðinni þegar kemur að verndun réttinda.“

Dystópísk og ógeðsleg hugmynd

Annað mál er lýtur að réttindum borgaranna gagnvart ríkisvaldinu, í þessu tilfelli kvenna, er til meðferðar hjá þinginu og lýtur að fóstureyðingum, eða þungunarrofi eins og það verður kallað framvegis nái frumvarpið í gegn að ganga. Það mál er umdeilt, einkum ákvæði um að konur munu hafa fullan rétt til að taka ákvörðun um þungunarrof fram að 22. viku. Sjálf er Þórhildur Sunna fylgjandi frumvarpinu. „Það eina sem þessi nýju lög breyta er að ákvörðunarvaldið færist úr höndum ríkisins í hendur konunnar. Þessi tímastofur er nú þegar til staðar en til þess að fá hann í gegn þarf að fara fyrir undanþágunefnd á vegum ríkisins. Þungunarrof er framkvæmt í dag fram að 22. viku í ákveðnum undantekningartilfellum. Það sem er verið að gera með þessari nýju löggjöf er að konum er treyst til að taka þessa ákvörðun og að þær þurfi ekki samþykki einherrar nefndar, lækna, ríkisstafsmanna eða embættismanna fyrir þeirri ákvörðun.“

Uppákoma varð á þingi í umræðu um málið á dögunum þegar Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins, spurði Þórhildi Sunnu hvort hún hefði persónulega reynslu af þungunarrofi. Því tók Þórhildur Sunna illa og baðst Þorsteinn síðar afsökunar á ummælum sínum. Þórhildur Sunna segir Miðflokkinn nota „ljóta taktík“ í nálgun sinni á þetta mál og nefnir sérstaklega frumvarp sem þingmenn flokksins hafa lagt fram og felur í sér að mæður sem gefa börn sín til ættleiðingar fái fæðingarstyrk í sex mánuði eftir fæðingu barns. „Þetta finnst mér alveg gríðarlega dystópísk og ógeðsleg hugmynd. Þetta lýktar af því að konur séu útungunarvélar sem fái greitt fyrir að ganga með börn sem fólk vill ættleiða. Þetta angar af kvenfyrirlitningu og fordómum og vantrausti í garð kvenna. Ef þeim er svo annst um að draga úr ótímabærum þungunum ættu þessir þingmenn að vera miklu duglegri að hvetja til smokkanotkunar. Það eru einmitt karlmenn sem best eru til þess fallnir að koma í veg fyrir slíkar þunganir.“

Laug að hágrátandi barninu

Það lífsviðhorf að vilja vernda borgarana frá ofríki kerfisins mótaðist snemma hjá Þórhildi Sunnu enda fékk hún sjálf að finna fyrir því á skólagöngu sinni. Hún náði ekki að fóta sig í grunnskóla eftir að fjölskylda hennar fluttist til landsins frá Þýskalandi og segist hún hafa upplifað höfnun frá samnemendum sínum. Í fyrstu var hún skilin út undan en þegar hún fluttist í Mosfellsbæ varð hún fyrir grimmu einelti. „Það var frekar brútal og ég endaði á því að flýja því þetta var ekki hægt lengur. Ég veit ekki hvort það sé rétt upplifun en mér leið þá eins og allur skólinn hataði mig og léti mér líða þannig“. Endaði Þórhildur Sunna með að fara í Laugalækjarskóla þar sem hún féll vel inn í hópinn. En það var ekki auðsótt mál. „Það sem situr hvað mest í mér enn þá er að reglulega fór ég inn á skrifstofu aðstoðarskólalæris á þessum tíma og grátbað hana um að fá að skipta um skóla. Þessi kona sagði mér endurtekið að það væri ekki hægt, það væri allt of dýrt, vissi ég hvað það þyrfti að borga með mér ef ég færi í annan skóla, þetta væri bara ómögulegt og ég þyrfti bara að herða mig. Þessu laug hún að mér, hágrátandi barninu. Svo þegar ég loksins trúði foreldrum mínum fyrir því hvað mér leið ömurlega

í skólanum þá fóru þau formlega fram á að ég skipti um skóla og það var ekkert mál. Það var ekki einhver peningalegur ómöguleiki eins og aðstoðarskólalærisinn hafði endurtekið logið að mér. Það var það ljótasta í þessu öllu saman.“

Það var á þessum tíma sem Þórhildur Sunna ákvað að leggja fyrir sig mannréttindalögfræði. „Ég ætlaði alltaf að verða leikkona en þessi höfnun hjá jafnöldrum mínum dró mikið úr mér máttinn. Ég las mikið þegar ég var ein í skólanum og las gríðarlega mikið af sjálfævisögum kvenna frá Miðausturlöndum sem höfðu lent í alls konar ofbeldi fyrir það eitt að vera konur. Þetta ræktaði með mér ákveðið þakklaeti fyrir að vera þó sú manneskja sem ég var, að vera kona á Íslandi og geta farið í skóla og geta valið að giftast eða ekki. Ég afréð það að ég myndi fara í að hjálpa þessum konum í Miðausturlöndum. Svo reyndar þroskaðist það af mér og ég áttaði mig á því að þær væru alveg fullfærar um að berjast fyrir sínum réttindum sjálfar. En þessi áhugi á mannréttindum kviknaði í kringum þetta.“

Freistar að sitja í ríkisstjórn

Þórhildur Sunna lét drauminn rætast og hélt út eftir framhaldsskóla til að læra mannréttinda- lögfræði, fyrst í Þýskalandi og síðan í Hollandi. Hún fór í starfsnámi hjá Alþjóðlega stríðsglæp- dómstólum í Haag og stóð hugur hennar til að starfa áfram á þeim vettvangi. Í það minnsta var planið aldrei að fara á þing. „Ég var eiginlega bara sótt“, segir hún, en félagi hennar í Pírötum, Smári McCarthy, hafði rekið augun í greinar hennar um lögfræðileg álitaefni tengd mannréttindum og borgararéttindum. „Við enduðum á því að hittast og hann vildi meina að mínar hugmyndir ættu góða samleið með Pírötum og hvatti mig til þess að ganga í Pírata, beita mér þar og bjóða mig fram. Ég hafði fylgst með þeim úr fjarlægð og litist vel á það sem þau voru að gera en mér fannst pólitík á Íslandi ekkert mjög freistandi starfsvettvangur. Ég tók mér góðan umhugsunarfrest, ákvað svo að slá til og gekk í Pírata 2015. Ári síðar var ég komin á þing.“

Þórhildur Sunna segist una sér ágætlega í stjórn- arandstöðu en viðurkennir þó að það freisti að taka sæti í ríkisstjórn. „Sem stjórnarandstöðu- þingmaður get ég vissulega haft mikil og góð áhrif, en getan til þess að breyta hlutunum eftir sinni eigin pólitísku sýn er mjög takmörkuð ef maður kemst ekki í ríkisstjórn. Vissulega hlýtur það að vera takmark að komast í ríkisstjórn og þá með flokkum sem deila svipaðri sýn á stjórn málin og á samfélagið. Öðruvísi held ég að það sé til lítils unnið. Ég væri alveg til í að komast í ríkisstjórn á einhverjum tímamarki en ekki af því bara heldur með því markmiði að bæta réttarríkið á Íslandi, auka aðgengi fólks á ákvarðanatöku og auka rétt- læti, eins og ég sé það fyrir mér, í samfélaginu.“

Þar vegur þungst, að mati Þórhildar Sunnu, að allir séu jafnir fyrir lögunum. Eins og staðan sé í dag beiti ríkisvaldið sér af óhófi gagnvart þeim sem eiga erfitt uppdráttar á meðan það hygli þeim sem eru í forrættindastöðu. „Það er mjög mismunandi hvernig það er komið fram við þig eftir því hvort þú ert Jón eða séra Jón. Ef þú tilheyrir ákveðinni stétt eða hefur ákveðin ítök, þá færðu allt annað viðmót frá kerfinu en ef þú gerir það ekki. Ég veit til dæmis ekki til þess að það sé verið að rannsaka á nokkurn hátt þennan sendiherrakapal sem Gunnar Bragi og þeir lögðu upp með á Klaustri en á sama tíma er Persónuvernd að rannsaka Báru Halldórsdóttur fyrir að hafa tekið upp opinberar persónur á bar. Það er heldur ekki verið að rannsaka skattamál Bjarna Benediktssonar eða akstursferðir Ásmundar Friðrikssonar og ég fæ ekki séð að það verði nokkurn tíma gert. Það held ég að hafi mikið með þeirra stöðu að gera. Ég er ekki að segja að þeir hafi framið nokkurn glæp en mér finnst augljóst að það sé ástæða til rannsóknar miðað við gögnin sem við höfum fyrir framan okkur. En svo horfum við á fólk, þá sem eru bótaþegar eða fá pening frá ríkinu af einum eða öðrum ástæðum, og það er jafnvel farið í herferðir út af bótasvindli og skrifaðar heilar skýrslur sem eftir á að hyggja reyndust byggja á vafasömum grunni. Ríkisvaldinu er beitt óspart og jafnvel úr hófi gagnvart þeim sem eiga erfitt með að verja sig.“



Við skoðum
allar gerðir af
bifreiðum



Fólksbilar/jeppar

Felli -og hjólhýsi

Mótorhjól

Tjaldvagnar/kerrur

Vatnsvernd

Vörubílar

Eftirvagnar

Sendibílar

Hestakerrur

Hópbílar

Velkomin í glæsilega skoðunarstöð Frumherja að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði.
Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

Við bjóðum góða
þjónustu og hagstæð
kjör á skoðunum

IS YI 20 513 ←

Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í
þeim mánuði sem síðasti tölustafur á
skráningamerki vísar til.

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar
skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til
skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.



Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201

 **Frumherji**
www.frumherji.is



Hvernig á að meta manneskjur?

Eftir / Steingerði Steinarsdóttur

Undanfarið hefur verið um fátt meira talað en kjarabaráttuna og yfirvofandi verkföll. Líkt og venjulega vara fulltrúar vinnuveitenda eindregið við launahækkunum og segja hrun heilla atvinnugreina yfirvofandi verði af þeim. Verkalýðsforystan stendur keik á móti og bendir á að engin sanngirni sé í að stór hópur fólks geti ekki lifað af launum sínum. Og báðir hafa rétt fyrir sér.



„Hér eru fyrirtæki er ekki þola miklar hækkunarir, einkum vegna þess að í hvert sinn sem reynt hefur verið að ná fram hækkunum til handa þeim lægst launuðu magnast óánægjuraddir upp allan launastigann. Ramakveinið, menntun borgar sig ekki og mín stétt hefur dregið verulega aftur úr öðrum sambærilegum er allt of kunnuglegt stef. Launabaráttu undanfarinna áratuga hefur nefnilega að stórum hluta gengið út á að troða öðrum nægilega langt niður fyrir sig fremur en að bæta eigin stöðu. Og þetta er ein ástæða þess að illa hefur gengið að skapa verkafólki mannsæmandi kjör. Fyrirtækin hafa einfaldlega ekki efni á að taka á sig góða hækkun á launum hinna lægstlaunuðu og í ofanálag bæta sömu prósentutölu ofan á laun annarra starfsmanna.

Hér eru fyrirtæki er ekki þola miklar hækkunarir, einkum vegna þess að í hvert sinn sem reynt hefur verið að ná fram hækkunum til handa þeim lægst launuðu magnast óánægjuraddir upp allan launastigann. Ramakveinið, menntun borgar sig ekki og mín stétt hefur dregið verulega aftur úr öðrum sambærilegum er allt of kunnuglegt stef. Launabaráttu undanfarinna áratuga hefur nefnilega að stórum hluta gengið út á að troða öðrum nægilega langt niður fyrir sig fremur en að bæta eigin stöðu. Og þetta er ein ástæða þess að illa hefur gengið að skapa verkafólki mannsæmandi kjör. Fyrirtækin hafa einfaldlega ekki efni á að taka á sig góða hækkun á launum hinna lægstlaunuðu og í ofanálag bæta sömu prósentutölu ofan á laun annarra starfsmanna.

Menntun er metin til launa þótt vissulega megi til sanns vegar færa að sumar menntastéttir njóti fátíðlegra forréttinda. Á hinn bóginn er bæði ósanngjarnt og óréttlátt að setja dæmið upp þannig að tiltekinn árafjöldi í háskóla eigi að nægja einn og sér til að tryggja ákveðið há laun. Það er menntahroki, lítilsvirðing gagnvart þeim sem vinna erfiðustu störf. Menntun er og á að vera einn þáttur í mati á verðmæti starfskrafts en ekki endilega ráðandi þáttur. Margt annað verður að koma til. Hverjar eru starfsaðstæður? Láglaunafólk leggur oft heilsu sína og jafnvel líf að veði í sínu vinnuumhverfi. Ber ekki að meta það til launa? Ótalmargir búa að mikilli reynslu er nýttist þeim í starfi og hæfni sem bæði er meðfædd en einnig oft þjálfuð upp í gegnum þátttöku þeirra í alls konar verkefnum. Á það ekki að vega þungt líka?

Ísland hefur jafnan stært sig af lítilli stéttaskiptingu og að hér sé gott flæði milli stétta, þ.e. að menn geti auðveldlega bætt stöðu sína með menntun, dugnaði eða útsjónarsemi. Núverandi verkalýðsforysta hefur bent á að einmitt þetta er orðið næsta ómögulegt þeim verst settu í íslensku samfélagi. Viljum við það? Ef ekki, ber okkur núna að taka á málum þannig að veruleg kjarabót náist fyrir verkafólk og hinir verða bara að bíta í það súra að hugsanlega geti skúringakerling leyft sér þann

lúxus að fara út að borða og sitja á næsta borði við þá. Ef ekki er samstaða um að allir hafi hér jöfn tækifæri til að öðlast lífsgæði verður þess ekki langt að bíða að stéttamunurinn verði óbrúanlegur með þeirri tortryggni og togstreitu sem hann skapar. Flestir hafa meðfædda réttlætisfinningu og dómgreind og hún segir okkur að ekkert sé eðlilegt við það að einn hafi meira en hann mun nokkru sinni þarfnast meðan annar lifur skort.



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Skoðun

Eftir / Sonju Ýr Þorbergsdóttur

Styttum vinnuvikuna í komandi kjarasamningum

■ Það ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum sem fylgst hefur með fréttum að staðan á vinnumarkaði vegna kjarasamningsviðræðna er flókin og viðkvæm. Ástæður þess má meðal annars rekja til þess að launahækkunarir síðustu kjarasamninga árið 2015 skiluðu sér ekki með tilætludum hætti til þeirra tekjulægstu vegna ákvarðana eða athafnaleyfis stjórnvalda.

Ástæður þess að góðærið skilaði tekjulágum ekki því sama og þeim tekjuhærru voru einkum þær að skattbyrði þeirra tekjulægri jókst og skerðingar voru á vaxta- og barnabótakerfunum.

Gríðarlegar hækkunarir á húsnæðisverði hafa svo ýtt enn frekar undir þessa þróun með auknum kostnaði bæði þeirra sem kaupa og leigja. Óánægju launafólks má ekki síður rekja til ríflegra launahækkana stjórnenda bæði hjá hinu opinbera og á almennum markaði. Þær sýna að þetta takmarkaða svigrúm til launahækkana sem alltaf er talað um þegar verkalýðsfélög semja fyrir sína umbjóðendur virðist ekki eiga við um alla.

Ein af meginkröfum BSRB er að fólk geti lifað af á launum sínum. Það snýst ekki bara um launin heldur

einnig ýmsar tilfærslur svo sem bætur og skattbyrði. Samningar nær allra aðildarfélaga BSRB losna um næstu mánaðarmót og ljóst að hjá flestum aðildarfélögum BSRB verður áherslan á hækkun lægstu launa áberandi, rétt eins og hjá félögum okkar á almenna vinnumarkaðinum. Samhliða því er horft til þess að stjórnvöld komi að málum til að tryggja aukinn kaupmátt þeirra sem minnst hafa milli handanna.

Í þessum kjarasamningum er markmiðið einnig að lenda baráttumáli BSRB til langs tíma og stytta vinnuvikuna úr 40 stundum í 35 með sérstakri áherslu á vinnutíma vaktavinnufólks. Þetta mikla hagsmunamál alls launafólks er lykillinn að því að draga úr neikvæðum áhrifum álags sem virðist aukast ár frá ári. Undirbúningur hefur verið í gangi árum saman með tilrauna-kerfnum sem sýna öll það sama; stytting vinnuvikunnar er mikilvægt skref í að

bæta líðan starfsfólks og auka möguleika til samþættingar fjölskyldu- og atvinnulífs. Það er vel hærfelt á þess að það hafi áhrif á afköst í vinnunni.

Aðildarfélög BSRB leggja einnig mikla áherslu á að staðið verði við loforð um jöfnun launa á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Hluti af því samkomulagi sem gert var við ríki og sveitarfélög þegar lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og starfsmanna á almenna markaðnum voru samræmd með lögum um mitt ár 2017 var að þeim launamuni verði í kjölfarið eytt. Undirbúningur fyrir það mikilvæga verkefni fór af stað í kjölfarið og BSRB mun beita sér fyrir því að tekin verði þýðingarmikil skref í þá átt í komandi kjarasamningum.

Stóra verkefnið fram undan er því að tryggja jöfnuð og að hlustað verði á kröfur launafólks um réttlæti og sanngirni. Það verður engin sátt á vinnumarkaði á meðan bætt kjör og aukin lífsgæði eru bara fyrir suma en ekki alla.

Höfundur er formaður BSRB.

Aðsendar greinar ásamt litmynd af höfundi sendist á ritstjorn@birtingur.is. Hámarkslengd texta er 450 orð.

Bragðgóð hollusta á milli mála - lífrænar drykkir sem draga úr nartþörf!

GingerLove



engifer appelsínur sitróna

DetoxLove



túrmerik ananas engifer

Fæst í Heilsuhúsinu, Hagkaup, Melabúðinni, Fjarðarkaup, Heimkaup og í fjölmörgum apótekum og völdum útsölustöðum um land allt.

BÍO RAW VEGAN **abel heilsuvörur**



Sleggjan



„Alþingi er algjörlega rúð virðingu og ráðamenn margir sómuleiðis. Og svo eru menn hissa á að alþýðan sé reið. Menn skulu ekki vera hissa þótt himnarnir ræski sig. Þruman er að boða okkur stríð.“

Bubbi Morthens tónlistarmaður gagnrýnir harðlega vinnubrögð Alþingis og ráðamanna þjóðarinnar.

„Tíminn er að renna út og það sér ekki enn til lands.“



Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, segir samningaviðræður verkalyðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins vera komnar í „kapphlaup við tímann“.



„Svo einkennilegt sem það nú er, þá hef ég verið að ferðast talsvert innan þessa Schengen-svæðis. Og það liggur við að maður sé beinlínis á brókinni þegar maður er að ganga í gegnum hlíðið.“

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, segir Schengen-samninginn ekki hafa auðveldað ferðalög fólks eins og til stóð. Þvert á móti.

„Það er ekki hlustað á rök. Það er ekki hlustað á staðreyndir. Og þegar við útskýrum hvernig þessi staðhæfing er alröng þá er það eins og að skvettu vatni á gæs. Og svo dreifist svona vitleysa um samfélagið og almennigur fer að trúá þessu.“



Dóra Björt Guðjónsdóttir, píratí og forseti borgarstjórnar, gagnrýnir Vigdís Hauksdóttur fyrir að halda því fram að innviðagjöld Reykjavíkurborgar séu ólögleg.



„Mér finnst þetta vera, á þessum tímamarki, það eina rétta í stöðunni.“

Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari segir að hann hefði kosið Hatara hefði hann ekki sjálfur verið með lag í Söngvakeppni Sónvarpsins.

„Merkilegt að fullorönu fólki finnst í lagi að klæða börn í klámfatnað, sýnir kannski hvert við erum komín.“



Margrét Friðriksdóttir, stjórnandi Stjórnmalaspjallsins, er ekki þar hrifinn af öskudagsbúningi sem Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari hannaði á son sinn en sá vildi vera klæddur eins og „trommugimpið“ í Hatara.



„Albert, ég var að sjá myndina af þér og vini þínum í rúminu, það er nú ekki alveg eðlilegt hvað þér dettur í hug. Þú eignast aldrei konu ef þú heldur svona áfram, og hana nú.“

Magdalena Kristinsdóttir, móðir knattspyrnumannsins Alberts Brynjars Ingasonar. Mynd af Alberti og vini hans Ásgeiri Berki Ásgeirssyni, þar sem þeir líkja eftir Sunnevu Einarisdóttur, áhrifavaldi og vinkonu hennar, fór algjörlega fyrir brjóstið á Magdalenu.

Góð vika



Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra, á allt hrós skilið fyrir framgöngu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Ísland er í fararbroddi ríkja sem þrýsta á að stjórnvöld í **Sádi-Arabíu** sleppi baráttufólki fyrir mannréttindum úr haldi og sýni samstarfsvilja við alþjóðlega rannsókn á morðinu á blaðamanninum Jamal Khashoggi. Í umfjöllun **New York Times** segir að þetta sé í fyrsta skipti sem sótt er að Sádi-Arabíu á þessum vettvangi. Það var löngu kominn tími til enda hefur konungsríkið allt of lengi komist upp með gróf mannréttindabrot í skjóli gríðarlegs ólíuauðs.

Slæm vika



Már Guðmundsson, seðlabankastjóri

Andstæðingar bólusetninga hafa átt betri vikur enda aldrei þægilegt þegar eigin villutrú er afhjúpuð. **Skúli Mogensen** er líka í þengri stöðu en flesta óraði fyrir og þrautaganga **WOW** air virðist engan enda ætla að taka. En verstu útreiðina í vikunni fékk án efa **Már Guðmundsson**, seðlabankastjóri. **Tryggvi Gunnarsson**, umboðsmaður Alþingis, mætti fyrir þingefnd í vikunni þar sem hann fann rannsókn Seðlabankans á gjalddeyrismálum flest til foráttu. Tryggvi er grandvar og yfirvegaður maður en þunginn í orðum hans var slíkur að titrings mun gæta innan Seðlabankans allt þar til nýr seðlabankastjóri tekur við í haust.

Velkomín sértu, góa mín



Sex mánuðir á 7.995 kr.



Þrjú mánuðir á 7.995 kr.

Tryggðu þér áskrift á birtingur.is eða með tölvupósti á askrift@birtingur.is
Áskriftarsíminn er 515-5500 og Opinn virka daga kl. 09:00 - 13:00

GILDIR ÚT 22. MARS



Í brennidepli

Texti / Magnús Geir Eyjólfsson



Beitti óedilegum þrýstingi

Mútaði embættismönnum Gaddafis

Stjórnuhrap

Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, berst fyrir pólitísku lífi sínu á sama tíma og ráðherrar hans og nánustu ráðgjafar yfirgefa ríkisstjórn hans. Álitsgjafar vestanhafs telja hann líklegan til að tapa þingkosningunum í október, nái hann að lifa svo lengi í embætti.

Trudeau hefur fram til þessa notið mikillar hylli, ekki síst á alþjóðavettvangi þar sem hann stendur fyrir allt sem Donald Trump, forsetinn sunnan landamæra Kanada, gerir ekki. Hann er gæddur miklum persónutöfrum og samsetning ríkisstjórnar hans ber vott um virðingu Trudeaus fyrir konum og minnihlutahópum. Trudeau hefur gætt þess í hvívetna að viðhalda þessari ímynd og tók til að mynda sjálfur á móti fyrstu flóttamönnum frá Sýrlandi. Trump er aftur á móti óheflaður ruddi sem umkringir sig hvítum karlmönnum, talar niður til kvenna, minnihlutahópa og fjölmiðla og hefur ítrekað verið sakaður um að yta undir kynþáttahyggju. Trudeau er sömuleiðis vel að sér um sögu og alþjóðamál, eitthvað sem Trump hefur átt í stökustu vandræðum með.

Það er því allt að því súrrealískt að það skuli vera Trudeau sem verður fyrri til að falla vegna pólitísku hneykslismáls. Sér í lagi í ljósi þess að forsetatíð



„Það er því allt að því súrrealískt að það skuli vera Trudeau sem verður fyrri til að falla vegna pólitísku hneykslismáls.“

Trumps hefur meira og minna einkennst af röð hneykslismála, hvort sem það er pínleg framganga á alþjóðavettvangi, þagnargreiðsla til klámstjórn, vafasamir viðskiptahættir Trump-veldisins, hindrun réttvísinnar og svo mætti lengi telja. Í það minnsta er ljóst að Trump færi létt með að standa af sér sambærilegt mál og Trudeau er flæktur í.

Ástæðurnar eru margþættar en þar spila ólík stjórnkerfi ríkjanna stórt hlutverk. Forseti Bandaríkjanna er kosinn beinni kosningu og afar erfitt er fyrir sitjandi þing að steypa sitjandi forseta af stóli. Sérstaklega þegar flokkur forsetans hefur meirihluta í annarri hvorri deildinni eins og nú er. Kanadíska kerfið er hins vegar líkara því sem þekktist í Evrópu, forsætisráðherra kemur úr röðum þess flokks er sigraði þingkosningar og situr þess vegna í umboði þingsins. Þá hefur stjórnmalamenning áhrif. Til dæmis eru bandarískir þingmenn tilbúnir til að ganga mjög langt í að standa vörð um sinn forseta á meðan sá kanadíski getur ekki gengið að slíkum stuðningi sem vísum í því landslagi sem þar ríkir.

Trudeau hefur hafnað öllum ásökunum um lögbrot og segist einungis hafa verið að reyna að vernda störf kanadískra ríkisborgara. Hann segir lýsingar Wilson-Reybold ekki í samræmi við það sem fram fór og fullyrðir að starfslið hans hafi farið eftir lögum í einu og öllu. Það hefur þó lítið gert til að lægja öldurnar og í vikunni gekk Jane Philpott, einn nánasti bandamaður Trudeaus, úr ríkisstjórninni vegna málsins og bar því við að það væri siðferðisleg skylda hennar að gera svo. Það gerði einnig Gerald Butts, vinur Trudeaus til margra ára.

Mykjólk gengur út

Málið hófst með ákæru gegn kanadíska verktakafyrirtækinu SNC-Lavalin sem varð uppvíst að því að greiða embættismönnum í Líbíu nærri 50 milljónir kanadíska dollara í mútur til að tryggja sér verkefni í landinu. Þetta var á þeim tíma sem Muammar Gaddafi var við völd í Líbíu. Það kom í hlut Jody Wilson-Raybold, dómsmálaráðherra og saksóknara, að gefa út ákæru í málinu. SNC-Lavalin er með höfuðstöðvar í Quebec-fylki, þaðan sem Trudeau er og Frjálslyndi flokkur hans sækir mikið fylgi.



Af fjölmiðla-umræðu vestanhafs virðist spurningin nú einungis snúast um hvort Trudeau láti af embætti núna eða eftir kosningatap í október. Það veltur á því hvort og þá hversu margir ráðherrar og þingmenn úr flokki Trudeaus ganga úr skaftinu. Ef Trudeau heldur áfram mun SNC-Lavalin-málið fylgja honum inn í kosningabaráttuna. Staðan var nógu erfið fyrir þar sem kannanir undanfarinna vikna hafa sýnt að töluvert vanti upp á að Frjálslyndi flokkur Trudeaus haldi meirihluta sínum.

Nú eða í október



4 Hélt fyrstu sýninguna 17 ára
Sæþór Örn Ásmundsson á og rekur verslunina
og prentverkstæðið Farva.



8 Straumar og
stefnur 2019

Steypa, málmar og marmari
koma til með að vera
vinsælt á þessu ári.



MANNLÍF

/ Heimili & hönnun

FÖSTUDAGURINN 8. MARS 2019

Í SAMSTARFI VIÐ

HÚS
OG HÚBYLI



h Heimili & hönnun
HÚS OG HÚBYLI

Nornin á Vesturgötunni

Umsjón / Elín Bríta Myndir / Aldís Pálsdóttir



Ljósmyndarinn og athafnakonan Íris Ann hefur komið sér vel fyrir í skemmtilega öðruvísi íbúð í gamla Vesturbænum ásamt eiginmanninum Lucas Keller og sonum þeirra tveimur, Sky og Indigo. Íbúð fjölskyldunnar eru rúmir 90 fermetrar og stendur í steinhúsi byggðu árið 1930.

Saman hafa þau rekið veitinga- húsið The Cocoo's Nest á Grandagarði í rúm fimm ár, hún einn stofnenda samvinnurými- sins Minor Coworking sem staðsett er á Fiskislóð og rétt fyrir jól opnuðu þau nýja staðinn sinn: Luna Flórens við hlið The Cocoo's Nest.

„Mig langar að byrja á að koma því á framfæri að heimilið er aldrei svona fint en ég vil ekki að fólk geri óraunhæfar væntingar þegar það sér bara glansmyndina. Það er bara fint hjá mér frá um átta á kvöldin til átta á morgnana, þegar börnin eru sofandi,“ segir Íris sem er greinilega mjög jarðtengd og afslöppuð.

Litagleði og listaverk

Stíll heimilisins er skemmtilega ólíkur þeim minimaliska norræna stíl sem hefur verið afar áberandi á íslenskum heimilum – hér hefur litagleðin tekið völd og veggirnir



Fagurbleiki liturinn sem prýðir stofuveggina ber einfaldlega nafnið Íris Ann og er frá Slippfélaginu.

eru þaktir fallegum listaverkum og persónulegum munum. „Ég er mjög hrifin af því að hafa liti í kringum mig heima fyrir og eru sægrænn og grænn, fjólublár og bleikur í miklu uppáhaldi en ég klæði mig þó sjálf mestmegnis í svört föt.“ Aðspurð um uppáhaldsverlanir nefnir Íris NúsNús. „Ég elska þessa búð, hún er alveg dásamleg og verðin eru ótrúlega sanngjörn.“ Einnig segist hún vera dugleg að versla í Portinu á Nýbýlavegi og ef sig vanti eitthvert húsgagn byrji hún fyrst að leita á nytjamörkuðum og á Facebook- hópum áður en haldið sé í verslanir.

Sum verkin úr Góða hirðinu eða Hertex

Þau Íris og Lucas keyptu sína fyrstu íbúð fyrir ári síðan. „Eldri strákurinn okkar sem er fimm ára hefur sem dæmi búíð á fimm stöðum á sinni stuttu ævi en við erum rosalega fegin

því að geta ráðið því sjálf hér eftir hvenær við flytjum.“ Eldhúsið er nýuppgerð og segir Íris það ekki hafa verið á dagskránni strax, heldur hafi eiginlega komið í ljós að það væri nauðsyn eftir að fjölskyldan flutti inn. Í stofunni ákváðu þau að opna á milli rýma og hafa barnaherbergið öðrum megin og stofuna hinum megin. „Mér fannst svo þægilegt að ég gæti unnið í tölvunni í sófanum og þeir eru bara hérna að leika sér í sama rými, stundum sé ég auðvitað eftir því vegna þess að stofan er orðin að dótaherbergi en það er samt eitthvað svo kósi og gott flæði hér.“ Þau hjónin segjast vera mikið fyrir fallega list, enda er Lucas sjálfur myndlistarmaður að mennt. Að sögn Írisar eru þær myndir sem prýða veggjum heimilisins, sumar eftir hana eða Lucas, aðrar úr Góða hirðinum eða Hertex í bland við verk eftir ýmsa listamenn sem sett hafa upp sýningar á The Cocoo's Nest í gegnum árin.

Viðsvegar um heimilið má finna fallega kristalla, ilmandi reykelsi og dulræn tarotspil. „Kuklheimurinn hefur alltaf fylgt mér, ég les í tarot og er mikil spákona – að vera næmur þekktist í fjölskyldunni minni. Ég var einu sinni voðalega feimin við að segja að ég væri norn, en ég trúi á ákveðna alheimsorku og að við getum nýtt okkur hana á margvíslegan hátt.“

„Ég var einu sinni voðalega feimin við að segja að ég væri norn en ég trúi á ákveðna alheimsorku og að við getum nýtt okkur hana á margvíslegan hátt.“





Fontana



Bovino



Fontana

Mikið úrval af fallegum og vönduðum húsgögnum

Sófar • Rúm • Stólar • Púðar • Skenkar • Borð • Sumarhúsgögn

PÚ FÆRÐ DRAUMASÓFANN HJÁ OKKUR

900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum

Tilboð á völdum sófum og sófasettum

10-50% AFSLÁTTUR



Havana hornsófi

Verð nú 225.000 kr. **50%**

Verð áður 450.000 kr.



Tórínó tungusófi

Verð nú 252.000 kr. **50%**

Verð áður 504.000 kr.



Basel sófasett

Verð nú 190.000 kr. **50%**

Verð áður 380.000 kr.

Mikið úrval af hægindastólum



Lenny
Verð 246.150 kr.



Royal
Verð 338.900 kr.



Moon
Verð 320.750 kr.

Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Patti
HÚSGÖGN

Hélt fyrstu einkasýninguna aðeins 17 ára gamall

Umsjón / Sigríður Elín Ásmundsdóttir Myndir / Aldís Pálsdóttir



Sæþór Örn Ásmundsson hefur teiknað síðan hann man eftir sér, þegar hann var í 10. bekk málaði hann í fyrsta skipti á striga og þá varð ekki aftur snúið. Sæþór lærði hreyfigrafík á Ítalíu og nú á hann og rekur Farva sem er prentverkstæði og verslun sem selur prentgúmmelaði, ásamt Þorbjörgu Helgu eiginkonu sinni sem er grafískur hönnuður. Við kíktum í Álfheimana þar sem listamaðurinn býr en Farvi er á neðri hæðinni.

Hvernig listamaður ertu? „Olíumálverkið hefur alla tíð heillað mig og ég hef mest unnið með þann miðil. Hef svo verið að grúska í prenti síðan 2010 og silki- og risoprentað verkin mín á prentverkstæðinu Farva sem ég rek með grafíska hönnuðinum og eiginkonu minni, Tobbu.“

Ákvaðst þú á einhverjum tímamarki að verða listamaður eða gerðist það bara „óvart“? „Ég hef alla tíð teiknað mikið, sem krakki var ég alltaf að teikna en svo þegar ég fór í myndlistarval í 10. bekk og fékk að prófa að mála á striga varð ekki aftur snúið.“

Hvenær sólarhringsins finnst þér best að vinna? „Ég er á þeim stað í lífinu þar sem mikið að gera á stóru heimili og á prentverkstæðinu. Mér finnst því eiginlega bara best að vinna þegar ég hef tíma sem er oft á kvöldin og nóttunni.“

Hvernig verk ertu aðallega að gera og fyrir hvað? „Núna vinn ég mikið figúratíft, menn og dýr.“

Hvaða litir heilla þig? „Ég hef yfirleitt heillast meira af sterkum hreinum litum en svo má ekki vanmeta svarta litinn og gráu tónana sem eru svolítið eins og móðurskiðið sem bindur alla liti saman.“

En form? „Eins og verkin mín bera með sér þá vinn ég mikið með grunnformin og svo auðvitað línuna ... Sé hún nógu þykk verður hún á endanum að formi.“

Hefur þú alla tíð haft gaman af því að teikna og mála? „Síðan ég man eftir mér, já. Ég hélt mína fyrstu einkasýningu fyrir 23 árum, þá 17 ára gamall.“

Hvaða listamenn eru í upphaldi hjá þér? „Wassily Kandinsky, Picasso og Þorvaldur Skúlason.“

Hvar fást myndirnar þínar? „Olíumyndirnar og prentverkin fást hjá okkur í Farva, Álfheimum 4 og í netverslun okkar farvi.is. Olíuverkin eru einnig í versluninni og vinnustofunni á efri hæðinni.“



„Núna vinn ég mikið figúratíft, menn og dýr.“



AEG

TILBOÐSDAGAR

15-20% afsláttur af öllum AEG vörum.



Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðuðu úrvalið okkar á

[ORMSSON.IS](https://ormsson.is)



*FRÍ HEIMKEYRSLA Í NETVERSLUN



ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------



h

Heimili & hönnun
VERSLAÐ

*
Með fyrirvara
um að verð gætu
hafa breyst.

Hægindastóll
með sessu.
ILVA,
29.900 kr.



Flottir blómapottar
í nokkrum stærðum og
litum frá HAY. Epal.

Bakkí frá H. Skjalm P. Modern, 3.490 kr.



Kósi sófi frá
Ethnicraft.
Tekk Company,
225.000 kr.

Ferskt fineri í stofuna

Umsiön / Elín Bríta Myndir / Frá framleiðendum



Snagabretti. ILVA, 3.995 kr.

Það veitir ekki af
hlýju teppi á köldum
vetrarköldum.
Línan, 13.700 kr.



Púði með dúskum og pöddu er
poppað! Heimili og hugmyndir,
32.900 kr.



Blómótt
sturtuhengi.
ILVA,
3.990 kr.



Eftirprent af verkinu Fjallamjólk eftir
Kjarval. Listasafn Íslands, 4.590 kr.



Borðlampi. Esja Dekor,
9.900 kr.

Hilla sem er 1,4 m
á lengd. Heimili
og hugmyndir,
128.000 kr.



Klassíska VIPP-ruslatunnan fagnar
80 árum í ár! Epal og Kokka.

HÚS OG HÍBYLI

Febrúarblað Húsa og híbýla er komið út!



New York-loft á Grandanum
Sjarmerandi heimili í Keflavík
Naumhyggja í Hlíðunum
Retro-raðhús í Vesturbænum
Gullfallegt hús Íslendinga á
sænskri eyju
Notaleg íbúð í Kópavogi



Blómleg mynd eftir Auði Ýr fylgir með blaðinu.

www.birtingur.is | Áskriftarsími s: 515-5500 | Áskriftarsíminn er opinn frá 9:00 - 13:00 alla virka daga.

HÚS OG HÍBYLI

NR. 380 • 2. TBL. • 2019 • VERÐ 2430 KR.

HUGMYNDARÍKT PAR
MED BLEIKA VEGGI
Í BÍTLABÆNUM

FEIKNAFOGUR
FYRSTA EIGN

NÁTTÚRULEG
NAUMHYGGJA
Í HLÍÐUNUM

60 SMART
LJÓS OG LAMPAR
LISTAMAÐURINN HJÓRÐIS ÁRNADÓTTIR
HANNABI LOFT-ÍBÚÐ Á GRANDANUM

HÖNNUNARPERLA Á SÆNSKRI EYJU

ÍSLENSKUR LJÓSMYNDARI HEILLAST AF
FALLEGUM LITUM OG EINSTAKRI HÖNNUN

MARG.IS MARG BORGAR SIG ENDA FRÁBÆR VERÐ



**ÍSLENSK.
EINS OG HÚN
GERIST BEST
MATVARA.**

FRÍ HEIMSENDING Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU ef verslað er fyrir meira en 5.000 kr. Pantanir má sækja miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 15.00 til 17.00 í Hlíðarsmára 2 Kópavogi.


MARG.IS

Trendin 2019



Málmar

■ Málmar eru ekkert á förum. Verið óhrædd við að blanda saman hinum ýmsu tegundum málna, án þess þó að ofhlaða – tvær til þrjár tegundir ættu að duga. Málmar eru tímalausir og smekklegr leið til þess að mynda mótvægi við hlýrri litatóna og við, svo eitthvað sé nefnt. Kopar og gull, brons og stál koma vel út saman, eins silfur og tin eða brons og svarbrúnir málmar. Allt snýst þetta um hinn gullna meðalveg.



Marmari

Marmari er og verður alltaf klassískur en við munum sjá meira af dökkum og hlýjum tönnum en þeim sterka hvíta og gráa sem hefur verið gegnumgangandi síðastliðin ár.




Steypa

■ Við teljum að steypa muni aukast í vinsældum þó að hún hafi verið að skjóta rötum síðustu ár. Margir eru eflaust feimnir við að bæta steypunni inn á heimilið í stórum stíl en það er vel hægt að gera það í smáum skrefum. Við höfum verið að sjá innréttingar,




borðplötur, veggir og aðra smámuni úr steypu en steypa veitir skarpt og stílhreint útlit en mikilvægt er að gæta jafnvægis.



Hrár iðnarstíll í bland við plöntur, við og líflega litatóna er skotheld blanda að okkar mati. Sjónsteypa hefur verið æ algengari innanhúss sem utan en sjónsteypa nýtur sín einkar vel með fallegum djörfum litatönnum og hlýlegum við.

Matt er málið

Við höfum verið að sjá matta áferð í auknum mæli allt frá hurðarhúnum, baðkórnum, innréttingum, málningu og flisum svo eitthvað sé nefnt. Mött áferð gefur mjúkt og rölegt yfirbragð og er framúrstefnuleg tíska. Mött áferð býður upp á klassískra útlit í samanburði við háglans að mati ritstjórnarinnar.



Bast, reyr og bambus



▶ Náttúrulegur efniviður, ofin handverk og áferð halda velli og kemur bambus og reyr enn sterkar inn. Allt frá húsgögnum yfir í smærri muni; stólar, bekkir, hillur, hliðarborð, körfur og ljós. Við munum sjá meira af vörum í þessum stíl með



sjálfbærari framleiðslu húsgagna og hluta sem hefur jákvæð áhrif á heimili okkar og umhverfi. Hlýleg efni sem eru að miklu leyti viðhaldsfri og létt, sem hægt er að nota bæði inni og úti. Fjölnota og feiknaflott.




Umsjón / Ritstjórn Húsa og hilyla



Sætoppur ehf. | Lónsbraut 6 | 220 Hafnarfirði | S: 551-7170 | saetoppur.is

Ertu á leið í leikhús?

Þá er kjörið að fá sér gott að borða í góðu umhverfi fyrir leikhúsið.



Þriggja rétta leikhústilboð alla daga aðeins 5.990 kr.

*Gildir einungis fyrir borð sem koma á milli 17:30 og 18:00
Gestir þurfa að hafa lokið máltíð fyrir 20:00*


Frakkastíg 8b - 101 Reykjavík

Sími: 557 - 7665 - rvkmeat@rvkmeat.is - www.rvkmeat.is



Afþreying

KROSSGÁTA



Ketó cobb salat

Salat mánaðarins og toppur
Kolvetni 8,5 gr, Prótein 52,25 gr, Fita 103 gr

1990 Kr

fresco

Suðurlandsbraut 4 og 48 - Reykjavík



Gildir ekki með öðrum tilboðum

↓	MÆLI-EINING	ÓÐ	VARKÁRNI		VÆTU SMÁN			ÁFENGI SVEIGUR		ASKJA	VEGVÍSIR
ÁTÖK					ÓFULL-NÆGJANDI LÓ			ÁTT DURTUR			
PRÁÐUR				VIRKI FJAND-SKAPUR		MERKJA RÚM					
Á FÆTI		HÖFUÐ TILLAGA			REYNSLU-LAUS KÆLA						
HJARA			SIGLA ÓBYGGÐIR			TIL-BÚNINGUR SAMTALS		DVELJA GUFU-HREINSA			
	VIÐUR-EIGN SAMTÖK				ETJA POKA						
MANN-VERA				SKÓLI FRÁBÆR		RÚÐA HNÝTTI			HAGNAÐUR	VEIKJA	
KLIÐUR		STARTA SUNDFÆRI			STAMPUR GLITTR				FISK AN		
TALA			FUSSA REIK			GLUFA Í VIÐBÓT					
	HALD KOMAST				BEITA KUSK			FRUMEIND TVEIR EINS			
AFKVÆMI				GAMALL					SKEL		
NÁKOMID				UPPTÖK		HAND-FANG					

Létt				Miðlungs				Erfið									
7	5	3		4	9	2	3	5		9	1	5		9	6	7	
2	9	4	6		1	7			2	7	3	9	7	5			
		8						9						1			
			6	1	7	5				6	8		1	2		4	
8	9	7	2				9	6	7			5	2			6	1
7	2	4					1	8			3	6			4	2	
			5					5						2			
5	6		1	2	8	4	6	9	3	2				8	5	9	
8	1		4	3	6			7		8	1	9	3	8	9	4	1

Kannaðu þekkingu þína á mannlíf.is



1
Hvaða bandaríska þingkona vill meina að loftslagsmál hafi áhrif á barneignir ungs fólks?



2
Hvaða heimspekkti tónlistarmaður féll frá í vikunni?

3
Grétar Þór Sigurðsson, fyrirverandi keppandi Gettu Betur fyrir hönd MR, er ekki hrifinn af nýlegum pistli blaðamannsins Orra Páls Ormarssonar. Hvað er það í skrifum Orra sem fer helst fyrir brjóstíð á Grétari?

4
Á sagan um greiddendur og þiggjendur í tekjuskattkerfinu við rök að styðjast? Hver veltir þessu fyrir sér í nýlegri grein á mannlíf.is?

5
Lögreglan í Filippseyjum lagði á dögunum hald á fjölda lifandi skjaldbaka á flugvöllum í Manila. Hvað voru skjaldbökur margar og af hverju lagði lögreglan hald á þær?



Íþróttasamband fatlaðra þakkar stuðninginn!



SAMHERJI

VALITOR

BLUE LAGOON
ICELAND

ICELANDAIR



TOYOTA



Arion banki



66° NORTH
ICELAND

Actavis

SJÓVÁ



macron



1979 - 2019

www.ifsport.is



Texti / Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir
Myndir / Úr safni og frá stöðum

6 góðir veitingastaðir í Edinborg



Íslendingar hafa í auknum mæli ferðast til Edinborgar og ég hef ekki enn hitt neinn sem er ekki hrifinn af þessari dulúðugu og fallegu borg. Þegar gengið er um göturnar í gamla hlutanum er auðvelt að fá á tilfinninguna að farið sé nokkrar aldir aftur í tímann, í raun er eins og að vera á setti í bíómynd að ganga Royal Mile upp að Edinborgarkastala. Vissulega er svolítið af ferðamönnum þannig að ég mæli með að taka þessa göngu snemma um morgun. Það er líka yndislegt á góðviðrisdögum að kaupa sér góða samloku og drykk og flatmaga í Princes Street-garðinum sem er á milli samnefndrar götu og kastalans. Mjög margir góðir matsölustaðir eru í borginni enda gera íbúarnir, sem eru margir af efri stéttum, miklar kröfur og ferðamenn njóta góðs af því. Hér bendi ég á nokkra góða staði sem gaman er að koma á.



The Ivy - on the square

Lesendur Gestgjafans hafa eflaust lesið um Ivy-staðina í London en við höfum áður fjallað um The Ivy Café í Marlybone og Ivy Chelsea Garden sem báðir eru í frönskum art deco brasserí-stíl með ekta breska fínlega matargerð þó með svolitlu frönsku ívaði. Ivy-staðirnir eru vinsælir og þekktir

fyrir gæði og gott hráefni. Það er því ekki úr vegi að skreppa inn á The Ivy on the Square í Edinborg t.d. í hádeginu. Einnig er gaman að skreppa þar inn eftir verslunartörn og fá sér drykk með léttum veitingum á barnum.

Vefsíða: theivyedinburgh.com.

The Wichery by the Castle

Þessi staður er með þeim frægari í borginni og þá sér í lagi vegna umhverfisins sem verður ekki mikið skoskara og dramatískara, viðarklæddir og útskornir veggir, leður-bólstraðir bekkir og stólar og



borð með stífuðum dúkum og kertastjökum. Þarna er kannski ekki besti skoski maturinn í Edinborg en upplifunin að borða inni á staðnum er engu að síður eftirminnileg og rómantísk. Þarna er líka tilvalið að fara í eftirmiðdagste að breskri hefð en athugið að einungis er boðið upp á það á milli 15.00 og 16.30 á virkum dögum og nauðsynlegt er að panta borð.

Vefsíða: thewitchery.com.

alvöru, gott úrval af vínnum þar sem sommelier-vínþjónn hjálpar gestum við valið á víni með mat. Hér þarf að vera fínn til fara og panta borð í tíma. Hótelid sjálf er líka dásamlegt fyrir þá sem vilja gera vel við sig í gistingu en það er þó ekki það ódýrasta í bænum.

Vefsíða: roccofortehotels.com/hotels-and-resorts/the-balmoral-hotel.



Fhior

Þessi staður er nýr af nálinni og afar heitur um þessar mundir en hann opnaði í júní á síðasta ári. Það eru hjónin Scott og Laura Smith sem stýra staðnum en áherslurnar eru á gott hráefni sem sett er fram á skapandi og svolítið listrænan hátt. Í raun lýsir nafnið á staðnum matargerðinni vel en fhior þýðir „sannur“ á gelísku. Andrúmsloftið er afslappað og það er matargerðin líka enda halda þau hjón því fram að góður matur og vín eigi að vera aðgengilegt og veita gestum gleði. Matargerðin er skosk og nútímaleg þar sem horft er til árstíða og notað er fyrsta flokks

hráefni en matseðillinn er settur upp í svokallaðar ferðir þar sem hægt er að velja á milli annað hvort fjögurra eða sjö rétta ævintýraferða. Í hádeginu er boðið upp á að panta einstaka rétti og hægt er að fá léttu rétti á barnum summa daga. Skoðið vel opnunartímana á vefsíðunni og munið að panta borð.

Vefsíða: fhior.com



The Bon Vivant

Afar skemmtilegur og góður bar þar sem hægt er að borða og fá sér bæði áhugaverða kokteila og vín en þar er úrvalið einstaklega gott. Umhverfið er notalegt og starfsfólkið er hlýlegt og lætur gestum líða vel. Matseðillinn breytist nokkuð oft og það gerir reyndar kokteila-seðillinn líka en hægt er að fá allt frá litlum skemmtilegum smáréttum upp í heilar máltíðir með eftirréttum og aldrei skortir góð vín til að para með matnum.

Vefsíða: bonvivantedinburgh.co.uk.



The Dogs

Notalegur staður á annarri hæð í fallegu georgísku húsi. Umhverfið er afslappað og hlýlegt og þarna er hægt að fá úrvalsmat á sanngjörnu verði. Matargerðin er bistro-matur með skoskum áherslum, boðið er upp á haggis í viskísósu sem gerist varla meira skoskt en einnig er hægt að fá blaðlauksfiskiböku og grillaða kjúklingaleggi ásamt fleiri áhugaverðum réttum. Þetta er staður sem ég mæli sérstaklega með í hádeginu.

Vefsíða: thedogsonline.co.uk.



Number One

Þessi staður er staðsettur í kjallaranum á hinu fína Balmoral-hótelu og er með eina Michelin-stjörnu sem hann hefur haldið í 13 ár. Þetta er með fínri stöðum borgarinnar og barinn er sérstaklega vinsæll og skemmtilegur. Matargerðin er nútímaleg þar sem notað er fyrsta flokks skoskt hráefni og þjónustan er

SPORT



Íþróttavöruverslun



Opið
sunnudaginn
10 mars
Frá 12 - 15

PLAY DAYS

2 - 10 mars



20% afsláttur af nýjum vörum

Öll helstu merkin á einum stað



ENDURANCE
ATHLECIA



hummel



PUMA

Opnunartími

Virka daga 11-18
Laugadaga 11-16

Sundaborg 1 Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á



Gestgjafinn

KÖKUR



Umsjón / Nanna Teitsdóttir
Stílisti / Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir
Mynd / Heiðdís Guðbjörg Gunnarsdóttir

Dýrindis drottningarterta

Svambotnar, rjómi, sulta og jarðaber -
blanda sem getur ekki klikkað.

Terta þessi er nefnd eftir Viktoríu Bretadrottningu sem var mikið fyrir svambotnatertur sem hún naut með eftirmiðdagsteinu. Botnarnir eiga rætur sínar að rekja til klassískrar formköku en nýjungin í uppskriftinni var lyftiduft sem fundið var upp í Bretlandi á valdatíma hennar og gerði botnana hærri og loftkenndari. Viktoríu-tertur eru klassískar í ýmsum boðum hjá Englendingum og því ekki úr vegi að bjóða upp á eina slíka með hækandi sól.

Terta Viktoríu drottningar

10-12 sneiðar

Hvítúkkulaðirjómi

80 g hvítt súkkulaði
200 ml rjómi



Saxið súkkulaðið og setjið í meðalstóra skál. Hellið 80 ml af rjómanum í pott og setjið yfir meðalháan hita. Fylgist vel með rjómanum og þegar fyrstu loftbólurnar fara að koma upp er heita rjómanum hellt yfir súkkulaðið. Látið standa í 3 mín. og hrærið allt síðan vel saman til að bræða súkkulaðið. Hyljið og setjið inn í kæli í a.m.k. 1 klst. Þegar botnarnir eru tilbúnir og búnir að kólna, þeytið þá afganginn af rjómanum saman við súkkulaðiblönduna þar til mjúkir toppar myndast (passið vel að ofþeyta ekki rjómann).

Botnar

Hveitið er sigtað þrisvar sinnum alls í þessari uppskrift, þetta gerir hveitið loftmeira og lyftir botnunum meira.

225 g smjör, mjúkt
225 g sykur
1 tsk. vanilludropar
4 egg
225 g hveiti
3½ tsk. lyftiduft
½ tsk. salt
2 msk. mjólk



Hitið ofn í 170°C. Smyrjið tvö 20 cm hringlaga smelluform og klippið til bökunarpappír til að leggja í botnana. Sigið hveiti, lyftiduft og salt í skál, sigið síðan aftur og setjið til hliðar. Þeytið saman smjör og sykur þar til blandan verður ljós og loftkennd. Þeytið egginn saman við, eitt í einu, og passið að allt blandist vel saman. Þeytið vanilludropana saman við. Sigið hveitiblönduna ofan í hrærivélarskálina og notið hægustu stillinguna til að blanda öllu rétt svo saman. Klárið að blanda saman með sleikju og hrærið síðan mjólkina saman við ef deigið er mjög þykkt. Skiptið deiginu á milli formanna og bakið inni í ofni í 20-25 mín. eða þar til kökuprjónn kemur hreinn út þegar honum



er stungið í miðju botnanna. Leyfið botnunum að kólna í 5 mín. á grind áður en formunum er smelt af. Látið kólna alveg áður en kakan er sett saman. Geyma má botnana vandlega innþökkuðum í plastfilmu í kæli í allt að 3 daga.

Jarðarberjasulta

Einnig má nota tilbúna jarðarberjasultu.

200 g jarðarber, söxuð
60 g sykur
1 tsk. sitrónusafi



Setjið allt saman í pott og náið upp suðu, lækkið hitann og eldið í 5 mín. eða þar til sykurinn hefur leyst upp og blandan hefur þykknað. Setjið til hliðar og látið kólna.

Samsetning

100 g jarðarber, sneidd
20 g flórsykur

Leggið annan botninn ofan á kökudisk og smyrjið jarðarberjasultunni yfir botninn. Notið skeið til að dreifa helmingnum af hvítúkkulaðirjómanum yfir. Raðið sneiddu jarðarberjunum yfir og notið skeið til að dreifa afganginum af rjómanum yfir. Leggið hinn botninn ofan á og sigið flórsykur yfir kökuna. Berið kökuna fram samdægurs, því nær samsetningu því betra því rjóminn fer að leka þegar kakan er látin standa lengi.





Fyrir líkama & sál

Túrmerik hefur í aldraðir verið notað sem krydd í matargerð. Fjöldi landa í Asíu þekkja einnig vel heilsuþætandi áhrif kryddsins, en túrmerik hefur þar verið notað sem lækningajurt í þúsundir ára.

Guli miðinn býður nú upp á nýja og endurbætta bæti-efnablöndu: 100% lífrænt túrmerik með svörtum pipar, eða curcuma longa og piper nigrum. Upptaka og nýting líkamans á heilsuþætandi eiginleikum túrmeriks eykst sé það tekið með svörtum pipar. Blandan inniheldur engin auka- eða fylliefni.

Túrmerik, eða curcumin, er þekkt fyrir öflugan bólgueyðandi eiginleika sína og rannsóknir á áhrifum þess hafa sýnt að það vinnur gegn bólgum í líkamanum, liðagigt, uppbembu og iðraólgu.

Vítamín og bæti-efni Gula miðans eru sérstaklega valin og þróuð fyrir íslenskar aðstæður. Þess vegna hefur Guli miðinn verið hluti af daglegu lífi Íslendinga í 25 ár. Þú færð lífrænt túrmerik með svörtum pipar á öllum helstu sölustöðum Gula miðans.



Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is

g

Gestgjafinn

VEISLUR



Brauð

– alltaf gott í teiti og veislur

Fallegt brauð er nauðsynlegt á veisluborðið og þar er að auki góð leið til að drýgja veitingarnar. Allir elska nýbakað brauð og hér er eitt skemmtilegt sem smellpassar í fermingarveislurnar, hvort sem það er með súpu, pottréttum eða sem hluti af hlaðborði. Brauðið er hægt að útbúa og geyma í kæli yfir nótt, leyfið því síðan að ná stofuhita og baka rétt áður en það er borið fram. Eins er hægt að baka það, frysta og hita síðan upp við um það bil 100°C þegar brauðið er borið fram.

Umsjón / Kristín Dröfn Einarsdóttir
Stílisti / Ólöf Jakóbína Ernudóttir
Mynd / Aldís Pálsdóttir

Rauðlauksfyllt ostabrauð með rósmaríni

fyrir 16-20

10 dl hveiti
2 msk. sykurl
1 msk. gróft sjávarsalt
2 tsk. þurrger
60 g mjúkt smjör
3 ½ dl volg mjólk
1 krukka (225 g) sultaður rauðlaukur, t.d. rauðlauks-



marmelaði með chili-pípar frá MACKAYS
u.þ.b. 100 g rifinn mozzarella-ostur
1 grein rósmarín, lafin söxuð fínt
nýmalaður svartur pípar

Blandið þurrefnunum saman og setjið síðan smjör og mjólk saman við. Hnóðið vel saman í allt að 10 mín. Látið þá deigið lyfta sér undir rökum klút í a.m.k. 1 klst. (gjarnan lengur ef tími er til). Skiptið deiginu í tvennt og fletjið báða partana út þannig að þeir séu hringlaga,

jafnstórir og u.þ.b. ½ cm á þykkt. Setjið annan deighlutann á bökunarpappírsklædda ofnplötu og dreifið rauðlaukssultunni ofan á og rifnum osti og rósmaríni þar yfir.

Setjið hinn hlutann af deiginu ofan á og þrýstið létt saman. Setjið litla skál í miðjuna og skerið deigið út frá skálinni í 16 parta eða „flipa“. Snúðið nokkrum sinnum upp á hvern flipa. Látið lyfta sér aftur í 30–60 mín. Hitið ofn í 190°C og bakið í u.þ.b. 30 mín. Setjið álpappír yfir ef sultan fer að dökknna of mikið.



Brauð- tertúrað

Eitthvað alveg ómótstæðilegt er við brauð og majónes þegar mikið liggur við og brauðtertureru klassískar á kökuhlaðborðið. Mörgum finnst nú varla hægt að halda fermingarveislu án brauðertu.



Nokkur góð ráð við brauðtertugerðina

Brauðtertureru með rækjum eru sívinsælar en rækjur eru mjög misjafnar að gæðum. Gott ráð er að kreista vatnið aðeins úr þeim til þess að koma í veg fyrir að rækjusalatíð verði of þunnt og blautt.

Gott er að blanda majónesi saman við sýrðan rjóma þegar útbúin eru majónessalöt. Ágætt er að miða við ½ af sýrðum á móti ¾ af majónesi eða jafnvel að skipta til helminga. Eins getur verið gott að blanda ídyfu, t.d. með lauk eða kryddi, saman við til þess að fá meira bragð.



Gott er að setja **brauðtertureru** saman daginn áður en þær eru bornar fram. Hins vegar er best að skreyta þær samdægurs til þess að þær líti líti út fyrir að




vera ferskar, það vill enginn gulnað majónes og hálfdautt grænmeti. Setjið tertuna saman og smyrjið síðan þunnu lagi

af sýrðum rjóma utan um hana alla, þetta kemur í veg fyrir að brauðið þorni. Leggið plastfilmu yfir og setjið í kæli. Daginn eftir er tertan síðan smurð að utan með blöndu af majónesi og sýrðum rjóma og skreytt með ferskum kryddjurtum og grænmeti.

Ferskar **kryddjurtir** eru nauðsynlegar á brauðtertureru, bæði vegna bragðsins en ekki síður vegna útlitsins. Síðan er um að gera að taka sveifluna á skreytingarnar og ganga alla leið og leyfa sköpunarkraftinum að leika lausum hala.

Sítrónur, límónur og appelsínur eru bæði fallegar og frísklegar á brauðtertureru en þær gera líka gæfumuninn bragðlega séð. Hafið sneiðarnar endilega þannig að gestir geti kreist nokkra dropa af ferskum sítrussafa yfir sneiðina sína, það frískar allt upp og gleður sinnið.





ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2. árið í röð!

*Skv. könnun Íslenzku ánægjuvogarinnar 2017 og 2018 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.

Takk fyrir!

GJÓCO



9L

Proff innimálning

Vatnsþynnaleg akrýlenni-málning. Silkimött PVA málning, hentar vel inni og er notað bæði í grunn og í yfirmálningu.

7.695

80602509

Frábært verð! Gerðu verðsamhaurði
Verð á lítra
855

Interior 10

Lyktarlítill vatnsþynnaleg akrýlenni-málning. Þekur vel og gefur slitsterkt yfirborð sem auðvelt er að þrifa. Notast á flest alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

10.495

80602709

Umhverfisvottuð málning

Frábært verð! Gerðu verðsamhaurði
Verð á lítra
1.166

Bliss 10

Heilsuvæn, silkimött innimálning fyrir vegg í þurrými. Án leysiefna og engin skaðleg uppgufun. Lyktarlítill. Mælt með af astma- og ofnæmissamtökum Noregs, NAAF.

11.595

80603009

Umhverfisvottuð málning

Frábært verð! Gerðu verðsamhaurði
Verð á lítra
1.288

ASTMA- OG ALLERGIFORBUNDET
-ger nóg frískt

BOSCH

Auðveldar verkin!

Málningarsprauta

PFS 5000 E. Öflugasta og fjölhæfasta málningarsprautan í sínum flokki. 2X1000 ml tankur, 500 ml/mín, 1200W, fyrir allar gerðir af málningu og lakki, auðvelt er að stilla kraft á sprautu.

32.545

74867110



Bit með fyrirvara um prentviltur og/eða myndbrengr.

málning

Ný umhverfisvæn innimálning

Innimálning

Kópál 4l. gljástig 10

6.595

86620040

gljástig 25

7.595

86610040

Umhverfisvottuð málning



Nýtt blað
á byko.is

30% afsláttur
af öllum límtrés- og borðplötum

MARKAÐS-DAGAR

Komdu og gramsaðu!

Mikið úrval af vörum frá 50 kr. **Fjöldi annarra tilboða** á Markaðsdögum. Við bætum við nýjum vörum daglega.

Gerðu frábær kaup!

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu

1

Lífsstíll
TÍSKA

*
Með fyrirvara
um að verð gætu
hafa breyst.

Húrra Reykjavík,
22.990 kr.



Litadýró

Við fögnum komu vortískunnar örlítið snemma og fyllumst innblæstri af litadýrðinni sem finna mátti á vortískusýningarpöllum í ár. Appelsínugulur er einn alvinsælasti liturinn en skærgulur og blár koma líka sterkir inn. Frískaðu upp á fataskápinn með því að bæta eins og einni flik í upplífandi lit þar inn.



Vila,
11.990 kr.



Champion,
12.295 kr.



TIBI



ROKSAND

Zara, 5.595 kr.



Zara,
5.595 kr.



Húrra Reykjavík,
69.990 kr.



CUSHNIE



TIBI



SIES MARJAN



„ÓRANS“ Á AUGU

Appelsínuguli liturinn rataði einnig á andlit fyrirætunnanna en þessa fallegu fyrirsætu mátti finna baksviðs hjá Altuzarra. Heitu tónarnir í augnskuggum eru ekki að fara neitt en við mælum með *On the run* mínipallettunni í stílnum *Detour* frá Urban Decay en hún inniheldur marga klæðilega hlýja liti.



Etro, 115.420 kr.



Zara,
10.995 kr.



Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 50 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úranna.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.



GILBERT
ÚRSMÍÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is



Lífsstíll
MINN STÍLL

„Að eiga vaxjakka er eins og að eiga gæludýr“

Margir þekkja Margréti Erlu Maack úr fjölmiðlaheiminum en undanfarin þrjú ár hefur hún starfað sjálfstætt sem skemmtikraftur og sem danskennari í Kramhúsinu. Reykjavík Kabarett er að undirbúa sýningar á Akureyri í mars, og í Þjóðleikhúskjallaranum í júní. Sjálf er Margrét að fara á burlesque-ferðalag um Bandaríkin í mars, og um Evrópu í apríl. Hún gaf sér tíma til að leyfa okkur að gægjast inn í fataskápinn sinn. Óhætt er að fullyrða að þar leynist ýmsar gersemar.

Tú ár eru liðin síðan Margrét hætti að ganga í gallabuxum og segir hún það vera bestu ákvörðun sem hún hafi tekið. „Ég var alltaf lítil í mér að finna ekki góð snið utan um rassinn á mér og fékk alltaf illt í bakið af því að vera í gallabuxum. Ég er meira fyrir það að klæða mig frekar of fínt en kasjúal. Ég elska svart og ég nota mikið af fylgihlutum til að djassa upp það sem ég á fyrir. Efst á óskalistanum eru alltaf nærföt frá Lonely sem fást í Kvenfataverslun Kormáks og Skjaldar.“

„Mér finnst ótrúlega leiðinlegt hversu margar búðir sem mig langar að kaupa mér fót í virðast ekki eiga neitt í minni stærð.“

Þessa dagana er Margrét í átaki, mjög erfiðu átaki, að eigin sögn. „Ég setti mér áramótaheit um að kaupa ekki fót á árinu 2019. Ég held að þetta muni breyta fatakaupum hjá mér að eilífu. Ég má þó kaupa mér sokka, nærföt, sokkabuxur og búninga. Á meðan ég er í þessu átaki fæ ég mikinn innblástur úr kvikmyndum og eldri ljósmyndum og myndum. Núna skoða ég mest klassísk fót sem detta ekki úr tísku í næsta mánuði og undirstrika hvað mér finnst fallegt við sjálfa mig. Sú sem kenndi mér allra mest varðandi ýmis konar stælingar er Ragna Fossberg, frá þeim tíma þegar ég vann hjá RÚV og ég kann henni bestu þakkir fyrir.“

Aðspurð í hvaða búðum hún versli helst nefnir Margrét netverslunina pinupgirlclothing.com. „Verið polinmóð, það þarf að fara vel í gegnum alls konar grínföt en svo eru þarna algjörar gersemar inn á milli,“ segir hún. „Mér finnst ótrúlega leiðinlegt hversu margar búðir sem mig langar að kaupa mér fót í virðast ekki eiga neitt í minni stærð og versla við merki sem framleiða einfaldlega ekki fót í minni stærð. Eins og þær vilji ekki peningana mína.“

Uppáhaldsfylgihluturinn

„Refa-keip sem ég keypti í Mauerpark í Berlín fyrir fimm árum. Passar við allt og svo er hann svona krúttilega rangeygður, þessi elska. Svo er ég með hring á hverjum degi sem mamma mín fékk í fermingargjöf frá Auði bestu vinkonu sinni og það er risasilfurklumpur frá Jens.“



Nýjustu kaupin í fataskápnum
„Three piece-kvenjakkafrá Walker Slater frá Kvenfataverslun Kormáks og Skjaldar. Hljó, klæðileg og hægt að stæla í allar áttir. Mjög ánægð með þessi síðustu kaup fyrir átak.“

Fullt nafn: „Margrét Erla Maack.“
Starfsheiti: „Sprellikerling.“
Aldur: „34.“
Áhugamáli: „Matur, burlesque, dans og að búa eitthvað til úr engu.“
Fallegasti fataliturinn? „Svartur.“
Besta lykt í heimi? „Smjör og hvítlaukur“
Þægindi eða útlit? „Þetta tvennt getur farið fullkomlega saman og það er alltaf lokaniðurstaðan.“
Hver er skyldueignin í fataskápinn, að þínu mati? „Gott sett. Toppur og neðri hluti sem passa saman – hvort sem það er dragt eða góður galli.“
Furðulegustu kaupin? „Pallíettusett sem ég keypti af vinkonu minni, yfir Netið. Sniðið er agalegt en ætli ég breyti þessu bara ekki í einhvern búning.“
Hvers konar flíkum fellur þú oftast fyrir? „Samfestingum“
Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa? „Hálsmen.“
Hvaða flík er leiðinlegast að máta? „Flíkur sem eru of litlar, í búðum þar sem x-large þýðir 42.“



Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar - fyrir þarmaflóruna og varnir líkamans!

„Íðraólgja þ.e. uppþemba, vindgangur, niðurgangur og/eða hægðatregða er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið merki um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. Ég mæli með Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlum.“
- Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarperapisti


abel heilsuvörur
www.abelheilsuvorur.is

Uppáhaldsflíkin

„Á síðasta ári lét ég Svanhvíti vinkonu mína gera fyrir mig ótrúlegan perlukjól fyrir burlesque-íð. Það er ákveðið skref þegar kona hættir að búa til búninga með límbyssu og leitar til fagfólks. Svanhvít Thea er ótrúleg listakona sem skilur hvornig burlesque-búningar þurfa að virka. Kjöllinn er ótrúleg völundarsmið ínspríeraður af art deco og hreyfist ótrúlega fallega. Ég kom fram í honum á gamlárskvöld á Slipper Room í New York og fólk trylltist yfir honum. Trylltist.“

Flíkin með mesta tilfinningalega gildið

„Barbour-vaxjakinn. Að eiga vaxjakka er eins og að eiga gæludýr. Það verður að vaxa hann tvisvar á ári og þá eigum við jakkinn fallega dullustund saman. Hann verður fallegri með hverju árinu og mér þykir ótrúlega vænt um hann.“



FUNGYN | VIÐ SVEPPASÝKINGU Í LEGGÖNGUM

- 1 HYLKI TIL INNTÖKU
- EIN MEÐFERÐ
- SKJÓT VIRKNI
- INNIHELDUR FLUCONAZOLUM

Fungyn 150 mg hart hylki. 1 hylki í pakka. Innheldur flúkónazól.
Ábending: Fungyn tilheyrir flokki lyfja sem kallast sveppalyf. Án ávísunar frá lækni er Fungyn notað við sveppasýkingu í leggöngum af völdum gersveppsins Candida hjá konum, sem áður hafa verið greindar með sveppasýkingu. Einkennin eru meðal

annars kláði og sviði í leggöngum og á ytri kynfærum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

FÆST ÁN LYFSEÐILS Í NÆSTA APÓTEKI | LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN

alvogen.is





Gæðamyndin reyndist hræðileg klisja

Umsjón / Roald Eyvindsson

Sara McMahon, verkefnastýra hjá UN Women á Íslandi, varð fyrir vonbrigðum þegar hún fór í bíó að sjá mynd sem hafði fengið lofsamlega dóma, svo miklum að hún segir umrædda mynd mögulega vera ofmetnu-ustu kvikmynd allra tíma.

Vanmetnasta myndin: Frances Ha
„Myndin kom út árið 2012 og segir frá dansaranum Frances Halladay sem býr með bestu vinkonu sinni, Sophie, í Brooklyn. Sophie, ólíkt Frances, vegnar nokkuð vel í vinnunni og er komin á fast með ungu manni á uppleið. Þegar Sophie ákveður að flytja inn með kærastanum fer vinkonusambandið hins vegar að kulna. Svo ég segi ekki of mikið um söguþráðinn, þá fjallar myndin í grófum dráttum um ást og vináttu og í lok myndarinnar kemst Frances að því að stóra „ástin“ í lífi hennar þarf ekki endilega að vera rómantísk ást, heldur getur hún verið alls konar, t.d. milli vinkvenna. Þetta þótti mér agalega fallegur boðskapur og þykir enn. Kannski hitti myndin svona vel í mark því ég á sjálf svo stórkostlega dásamlegar vinkonur sem gætu allar verið „stóra ástin“ í lífi mínu.“

Ofmetnasta myndin: Hidden Figures
„Fyrir nokkru setti ég mér það markmið að vera dugleg að fara í bíó á myndir sem gætu talist kvendrifnar. Undir því yfirskini fór ég að sjá myndina Hidden Figures, sem hafði fengið lofsamlega dóma í erlendum miðlum. Í mjög stuttu máli fjallar myndin um störf kvenkynsverk- og stærðfræðinga af afrískum uppruna hjá NASA. Handritið er byggt á raunverulegum atburðum og persónum og saga þeirra mögnuð en myndin sjálf varð hins vegar leiðinleg Hollywood-klisja sem gekk út á að reyna að græta áhorfendur með dramatískum senum. Ég varð mjög svekkt með útkomuna og fannst Wikipedia-síður fyrirmyndanna áhugaverðari afþreying en bíómyndin sjálf.“

Ofmetnasta myndin: Hidden Figures
„Fyrir nokkru setti ég mér það markmið að vera dugleg að fara í bíó á myndir sem gætu talist kvendrifnar. Undir því yfirskini fór ég að sjá myndina Hidden Figures, sem hafði fengið lofsamlega dóma í erlendum miðlum. Í mjög stuttu máli fjallar myndin um störf kvenkynsverk- og stærðfræðinga af afrískum uppruna hjá NASA. Handritið er byggt á raunverulegum atburðum og persónum og saga þeirra mögnuð en myndin sjálf varð hins vegar leiðinleg Hollywood-klisja sem gekk út á að reyna að græta áhorfendur með dramatískum senum. Ég varð mjög svekkt með útkomuna og fannst Wikipedia-síður fyrirmyndanna áhugaverðari afþreying en bíómyndin sjálf.“



Sara McMahon.

Rjóminn í tævanskri kvikmyndagerð

Tævanskir kvikmyndadagar verða haldnir í Reykjavík dagana 8.-24. mars. Boðið verður upp á úrval spennandi mynda þar sem stormasöm saga Tævan og fjölbreytt menn-ingararfleifð verða í forgrunni.

Texti / Roald Eyvindsson



Að sögn Aephe verða alls kyns myndir sýndar á hátíðinni, allt frá gráglettnum gamanmyndum upp í hugljúfar fjölskyldumyndir.

Stjórnmál og spilling, ólík trúarbrögð, umhverfismál og kynslífi eru á meðal viðfangsefna mynda sem verða sýndar á Tævönskum kvikmyndadögum sem fara fram í Reykjavík dagana 8.-24. mars. Stofnandi og listrænni stjórnanndi kvikmyndadaganna, Aephe Chen, segir að öllu verði tjaldað til á hátíðinni en hún er haldin á Íslandi og Bretlandi í fyrsta sinn. „Þetta eru í raun alls konar myndir, allt frá gráglettnum gamanmyndum upp í hugljúfar fjölskyldumyndir sem taka á ýmsum umfjöllunarefnum. Sum hafa verið sérstaklega í deigluinni í Tævan, á meðan önnur hafa alþjóðlegri skírskotanir. Þrátt fyrir breiddina má segja að rauði þráðurinn í gegnum alla hátíðina sé sá að þarna er verið að gefa gleymdum stöðum og yfirgefnu fólk rödd.“

Tævanskir kvikmyndadagar eru samstarfsverkefni FilmTaiwan og Menningardeildar Umboðsskrifsstofu Tævan, en þeir eru haldnir hér á landi í samstarfi við StockFish Film Festival, Bíó Paradís og Lönnó menningarhús við Reykjavíkurtjörn.

”

„Þetta eru í raun alls konar myndir, allt frá gráglettnum gamanmyndum upp í hugljúfar fjölskyldumyndir sem taka á ýmsum umfjöllunarefnum.“

Aephe Chen segir að markmiðið með þeim sé meðal annars að koma hæfileikafólki í tævanskri kvikmyndagerð á framfæri með dagskrá sem inniheldur bæði klassískar og nýjar óháðar kvikmyndir. Frumkvöðlum sé gert hátt undir höfði og sömuleiðis kvenkynsleikstjórum en meira en helmingi myndanna er leikstýrt af kon-

um. Þá munu nokkrir leikstjórnarnir gera sér ferð til landsins til að vera viðstaddir hátíðina, stýra málstofum eða sitja fyrir svörum að loknum sýningum á myndum sínum.

Kolféll fyrir íslenskum húmor

En af hverju að halda hátíðina hér? „Við völdum Ísland, og reyndar Bretland líka, af einfaldri ástæðu.

Báðar þjóðir státa af ríkri sagnahefð og óháðri kvikmyndagerð, rétt eins og Tævan sem er eina mánadagrínska heims þar sem kvikmyndagerð og listir eru ekki ritskoðaðar. Fyrir utan það þá tengist ég sjálf Íslandi persónulegum böndum þar sem ég er gift íslenskum



Aephe Chen er bresk kvikmyndagerðarkona sem fæddist í Tævan en býr nú í London og er stofnandi og listrænni stjórnanndi fyrstu Tævönsku kvikmyndadaganna í Bretlandi og á Norðurlöndunum. Ljósmyndari / Ingvar Haukur Guðmundsson.

manni og hef verið mikið hér síðustu ár og átta mig á hvað Tævan og Ísland eiga margt sameiginlegt, til dæmis þegar kemur að kvikmyndagerð.“

Aephe segist reyndar vera yfir sig hrifin af íslenskum myndum og noti hvert tækifæri til að horfa á þær þegar hún er á landinu. „Ég kolféll bara alveg fyrir hinni íslensku svörtu kómedíu sem þið mynduð kannski flokka sem drama og mér finnst oft eins og einhver hlýja einkenni myndirnar ykkar. Til dæmis fannst mér Englar alheimsins ótrúlega falleg og áhrifarík mynd. Sömuleiðis Mamma Gógó, en það er svolítið fyndið að þegar ég sá hana í kvikmyndahúsi í Tævan grunaði mig ekki að þremur árum síðar ætti ég eftir að taka þátt í skipulagningu tævanskrar kvikmyndahátíðar á Íslandi og Bretlandi,“ segir hún og hlær.



Meira en bara bíó

Nú kveðst Aephe hlakka mikið til að sjá hvernig íslenskir áhorfendur og gagnrýnendur munu taka tævönskum myndum. Hún bendir á að fyrir utan sýningarnar á hátíðinni verði reyndar margt fleira í boði, meðal annars kokteilar og te, en tævönskum tegeðarmanni hafi verið flogið séstaklega hingað til að útbúa fyrsta flokks te og te-koteila fyrir landsmenn. Aephe hvetur bara alla áhugasama til að kynna sér dagskrá hátíðarinnar betur, en hana má nálgast á vefsíðunum www.bioparadis.is og www.filmtaiwan.org.

ÁHRIFAMESTU BÆKURNAR

Umsjón / Roald Eyvindsson

Opna dyr að spennandi heimum

Ljóðskjaldrið Ásdís Óladóttir les mestmegnis ljóð, skáldsögur og bækur um listfræði til að fræðast og af forvitni um hvað er í gangi hverju sinni í bókmenntum og listheimum. Eftirtaldir þrjár bækur segir Ásdís hafa haft mest áhrif á sig.

Algjör himnasending

„Fyrir unga konu í skápnum árið 1987 var sagan María og Margrét eftir Régine Deforges í þýðingu Sigurðar Pálssonar eins og himnasending þegar hún kom út.“

Hún olli staumhvörfum í hausnum og var eins og frelsun um leið og lesið var um lesbískt ástarsamband. Atburðarásin á sér stað bak við tjöldin og veröldin fyrir utan hefur hvorki umburðarlyndi né skilning á hinsegin ást. Frá árunum 1903-1905 er sagan sögð í formi bréfa og á pappírinn streymir fram ást, þrá og ótti eða leyndarmál þeirra.“

Stórbrotin ævi

„Nína S. eða ævisaga Nínu Sæmundsdóttur myndhögvara, skráð af Hrafnhildi Schram listfræðingi, er áhrifarík saga. Þar er fjallað um stórbrotna ævi fyrstu íslensku konunnar sem varð myndhöggvari. Fyrir utan það að kynna merkilegum ferli Nínu sem listamanns þótti mér áhugavert við lestur þessarar bókunar að Nína átti sambýliskonu sem hét Polly James og bjuggu



þær stóllur saman í rúm tuttugu ár í Hollywood. Þar vann konan hennar við handritgerð fyrir Universal Studios. Þær áttu marga samkynhneigða vini en að vera lesbía í Hollywood á þessum árum þótti ekki tiltökumál meðan það var hneyksli og refsivert annars staðar í Bandaríkjunum.“

Hvert smáatriði úthugað

„Að eilífu ástin, skáldsaga eftir Fríðu Bonnie Andersen sem kom út um jólin er ein af þeim bókum sem eru í miklu uppáhaldi. Lykilpersóna sögunnar er trans kona og er henni lýst af mikilli næmni og væntumþykju án allrar skrumskaelningar eða skringigervingar sem stundum hefur loðað við þegar fjallað er um hinsegin fólk í bókmenntum eða kvikmyndum. Lykilpersónan opnar heim að sögu þar sem lesbískar ástir leika aðalhlutverkið og er bókin skrifuð af miklu listfengi og alúð þar sem hvert smáatriði er úthugað.“

ALBUMM.is

TÓNLIST
MENNING
VIÐBURÐIR
TV

NÝR VEFUR Í FEBRÚAR



Sælkeruferð um Baskaland

Úrval Útsýn býður upp á einstaka ferð um Baskaland á Norður-Spáni um páskana, með tilheyrandi útsýnisferðum, vínsmökkunum og öðrum lífsins lystisemdum. Gist verður á fyrsta flokks hóteli, Hotel Dolarea í bænum Baesin, sem er í aðeins klukkustundar akstursfjarlægð suðaustur af hinni líflegu hafnarborg Bilbao og tímanum varið í að smakka vín og rétti að hætti heimamanna í nærliggjandi byggðarlögum.

Eftir beint flug með Icelandair til Bilbao um hádegisbil fimmtudaginn 18. apríl verður kynningarsetur Idiazabal-ostsins fyrsti viðkomustaður, en hann hefur lengi verið eftirlæti baskneskra fjárhirða. Osturinn góði verður í boði og sömuleiðis Txakoli-vín áður en leiðin liggur svo til Baesin, þar sem þægindi Dolorea-hótelsins taka við.

Daginn eftir verður síðan lagt af stað að hjarta vínframleiðslunnar í Baskalandi sem er að finna í Logrono, höfuðborg La Rioja-sjálfstjórnarsvæðisins. Borgin er meðal annars þekkt fyrir forvitnilega byggingarlist sem á rætur að rekja til tíma Rómverja og í þessari heimsókn gefst færi að kynna sér hana betur í skoðunarferð um gamla bæinn. Víngröð er ein helsta atvinnugrein borgarbúa og verða vín svæðisins því vitanlega smökkuð og í leiðinni litið inn á notalega tapas-staði sem eru í löngum röðum sums staðar í Logrono. Upp úr hádegi sama dag verður svo frægt víngröðarhús að nafni Winery Marques de Riscal heimsótt, en í vinkjallara þess er að finna raðir af ámum sem geyma allar árgerðir vínanna frá stofnun árið 1858.

Allt það besta í mat og drykk

Höfuðborg Baskalands, Vitoria eða Vitoria-Gesteuz, verður heimsótt laugardaginn 20. apríl, en árið 2012 var borgin útnefnd Græna borg Evrópu vegna þeirra óvenju mörgu grænu svæða sem eru á víð og dreif um hana. Vitoria er þó þekkt fyrir fleira, svo sem fjölmargar kirkjur, forvitnileg söfn og fjölbreytta veitingastaði, bari og verslanir sem gaman er að skoða, en eftir heimsóknina verður farið til Ananan-saltsvæðisins sem hefur að geyma

elstu saltnámur heims, um það bil 6.500 ára gamlar (!) og þar bragðað á hreinu saltinu.

Áfangastaður sunnudagsins er svo ekki af verri endanum en þá verður farið til hafnarborgarinnar San Sebastian þar sem varla er þverfótað fyrir góðum veitingastöðum, verslunum, heilsulindum og öðrum lúxus. Við komuna verður meðal annars farið í skoðunarferð um borgina, bragðað á Txakoli-víni úr smiðju heimamanna og ef tími gefst farið með kláfferju upp á Igueldojall þar sem glæsilegt útsýni er yfir borgina.

Lokadeginum verður svo varið í Bilbao, menningar- og menntamiðstöð Baskalands, sem státar af fínnum veitingastöðum, verslunum, arkitektúr og fallegri náttúru í grenndinni og svo auðvitað hinu skemmtilega skrítna Guggenheimsafni, sem margir koma gagnert til að skoða, enda algjört listaverk í sjálfu sér. Varla er hægt að biðja um betri endi á ævintýrlegu ferðalagi þar sem allt það besta í mat og drykk er á boðstólum.



”

„Gist verður á fyrsta flokks hóteli, Hotel Dolarea í bænum Baesin, sem er í aðeins klukkustundar akstursfjarlægð suðaustur af hinni líflegu hafnarborg Bilbao og tímanum varið í að smakka vín og rétti að hætti heimamanna í nærliggjandi byggðarlögum.“

Úrval Útsýn býður upp á fimm daga ferð um Baskaland og fjórar gisti-nætur, dagana 18. apríl til 22. apríl. Þar verða staðirnir Baesin, Logrono, Vitoria, San Sebastian og Bilbao heimsóttir en þeir eru við jaðar Rioja-vínsvæðisins.




Góugleði

Laugardaginn 9. mars 2019

ATH! FRÁ KL:

23-02



Ingó Veðurguð

og

Gullkistan

með Gunna Þórðar í broddi fylkingar



á góðri stundu

Talar þrjú tungumál
vel og tvö illa

Umsjón / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Svanlaug Jóhannsdóttir er höfundur og flytjandi verksins í hennar sporum sem frumsýnt verður í Tjarnarbiói þann 22. mars. Hún hefur safnað saman skóm frá konum sem hún lítur upp til og í verkinu segir hún sögu kvennanna og skónna með sögum, söngvum og tónlist úr öllum áttum. Hér eru nokkrar staðreyndir um Svanlaugu.

1. „Þegar ég kynntist manningnum mínum átti hann fleiri skó en ég, en ég á marga. Einu sinni varð ég leið á að hafa þá alla í kössum og keypti í IKEA handa okkur hvorn sinn skóskápinn sem var metri á breidd og 2,3 m á hæð. Þegar við vorum búin að setja skápana saman horfði maðurinn minn á mig ástleitnum augum og sagði: „Við hefðum átt að vera búin að gera þetta fyrir löngu.“ Það var enn ein staðfestingin á því að ég hafði valið mér réttan maka.“

2. „Ég elska hatta. Ég á svona fimm-tíu. Þeir eru allir frá sama hönnuði sem ég kynntist fyrst í London og fann svo aftur fyrir tilviljun tíu árum síðar í Madrid. Hún er hætt að gera hatta og ég er miður mín. Hugmyndir um hæfa hönnuði eru mjög vel þegnar.“

3. „Þrátt fyrir að elska skó og hatta er ég stundum bara eins og drusla. Mér finnst ömurlega leiðinlegt að klæða mig bara svona hversdags.“

4. „Ég elska tungumál. Ég tala þrjú vel og tvö illa. Þegar ég var í háskóla, vinnu og tónlistarskóla, var mér boðin vinna í Kína svo að ég bætti kínaverskunámskeiði við allt hitt. Það er eitt það erfðasta sem ég hef gert.“

5. „Ég hef haldið leiksynningar frá því að ég var krakki fyrir elsku þolinmóðu foreldra mína. Þann 22.

mars held ég í fyrsta skipti frumsýningu á eigin verki í Tjarnarbiói. Þegar ég skrifaði stöðufærslu á Fésbókinni til þess að segja frá þessu grét ég gleðitárum.“

Svanlaug
Jóhannsdóttir.Heimspekkrt dragdrottning
kynnir á vetrarhátíð

Rainbow Reykjavík, vetrarhátíð hinsegin fólks, fer fram í þessari viku. Að sögn skipuleggjenda kennir ýmissa grasa í ár en kynnir hátíðarinn er enginn annar en hin heimspekkta dragdrottning Detox.

Texti / Roald Eyvindsson



Vetrarhátíðin Rainbow Reykjavík fer nú fram í áttunda sin. Norðurljósaförir, sundlaugapartý úti á landi og glæsilegt ball annað kvöld eru á meðal viðburða sem eru í boði. Nánar á www.rainbowreykjavik.is

Auðvitað ljær þetta hátíðinni alþjóðlegt yfirbragð að fá svona heimspekkta stjórn til liðs við okkur. Við höfum aldrei gert þetta áður, þ.e. að fá svona stórt nafn eins og Detox til að vera gestgjafi út alla hátíðina og það verður hrikalega spennandi að sjá hvernig það kemur út,“ segir Hannes Páll Pálsson hjá ferðapjónustunni og viðburðafyrirtækinu Pink Iceland, sem hefur veg og vanda af því að skipuleggja hátíðina.

Fyrir þá sem ekki þekkja til er Detox dragdrottning sem skaut fyrst upp á stjörnuhimininn í bandaríska raunveruleikapættinum RuPaul's Drag Race og hefur síðan þá verið eftirsóttur skemmtikraftur um allan heim. Spurður hvernig það hafi komið til að jafn stórt stjarna skyldi taka að sér hlutverk kynnis á hátíðinni svarar Hannes því til að Detox hafi einfaldlega óskað eftir því sjálf. „Já, hún bara bað um það. Hún hefur komið hingað nokkrum sinnum áður og dýrkar Ísland, bæði land og þjóð og er búin að vera góður vinur okkar hjá Pink Iceland frá því að við héldum utan um

eina heimsóknina hennar. Þannig að þegar hún frétti að Rainbow Reykjavík stæði fyrir dyrum sóttist hún eftir því að fá að vera kynnir og við slógum til.“

Litskrúðug og skemmtileg
dagskrá

Hannes segir að Rainbow Reykjavík sé fyrir löngu búin að festa sig í sessi sem stærsti hinsegin viðburðurinn yfir veturinn. Lögd sé áhersla á að skapa fjölbreytta og skemmtilega dagskrá fyrir fólk á öllum aldri, en á meðal þess sem verður í boði í ár má nefna útsýnisferðir, hinsegin söngugöngu og bingó með Sigríði Klingenberg. Sumir viðburðanna séu svolítið stílaðir inn á þá erlendu gesti sem sækja hátíðina heim, eins og ferð um Gullna hringinn og í Bláa lónið en í boði verði líka fjölmargir viðburðir sem heimamenn ættu ekki síður að geta haft gaman af. Hápunkturinn sé svo án efa ball sem verður slegið upp í Iðnó annað kvöld.

„Ballið er haldið undir for-

”

„Fólk hefur einmitt alveg sérstakt orð á því hvað við Íslendingar tökum vel á móti erlendum gestum. Sumir tala um að heimsóknin hingað hafi hreinlega breytt lífi sínu.“

Drag-
drottningin
Detox.



merkjum „masquerade“,“ segir hann. „Það þýðir að gestir eru hvattir til mæta með grímur og í sínu skemmtilegasta pússi, prúðbúð, ögrandi, í raun bara eins og fólk líður best. Við leggjum áherslu á öruggt umhverfi þannig að það getur verið eins og það vill. Þarna munu listamenn troða upp, plötusnúðar þeyta skífum og fólk verður kennt að vogue-a í anda New York senunnar á 9. áratugnum.“

Íslandsdvölin hefur breytt lífi
fólks

Að sögn Hannesar er þetta í áttunda sinn sem hátíðin fer fram. Spurður hvor það sé eitthvað sem standi að öllu jöfnu upp úr að mati hinna erlendu gesta segir hann að öðru ölostuðu sé það tvímælaust hin íslenska náttúra. „Hún stendur alltaf vel undir væntingum í allri sinni fegurð og virðist koma fólk sífellt á óvart. Það er mjög hissa á því hvað náðin við náttúruna er mikil, því það er ekki vant því heima fyrir og virðist upplifa þessa nánd bæði við náttúru og þjóð, og svo ekki sé minnst á frelsi til að vera það sjálft. Fólk hefur einmitt sérstakt orð á því hvað við Íslendingar tökum vel á móti erlendum gestum. Sumir tala um að heimsóknin hingað hafi hreinlega breytt lífi sínu. Og það eru dæmi þess að fólk komi hingað aftur og aftur, það er svo yfir sig hrifjó.“

En hverju skyldi skipuleggjandinn sjálfur vera spenntastur fyrir? „Ballinu,“ svarar hann og brosir. „Það er sá viðburður á hátíðinni sem ég hlakka alltaf mest til. Sem helgast einfaldlega af því að við vinnum svo mikið meðan á henni stendur en um leið og ballið byrjar getum við stimplað okkur út. Og farið að djamma með hinum.“

Tónlist

Texti / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

„Djúpstæð vinátta og
sameiginleg reynsla“

Austfirski hljómsveitin SúEllen heldur tónleika í Bæjarbiói, Hafnarfirði annað kvöld, sína fyrstu tónleika á höfuðborgarsvæðinu í fimm ár.

Á tónleikum munu meðlimir sveitarinnar leika sín þekktustu lög og segja sögur þeirra en að auki verður ýmislegt óvænt á dagskrá. „Við félagarnir erum alltaf í góðu sambandi, hittumst annað slag og æfum,“ segir Guðmundur Rafnkell Gíslason, söngvari hljómsveitarinnar. „Svo spilum við opinberlega þegar við fáum spennandi fyrirspurnir. Höfum undanfarin ár meðal annars spilað á Bræðslunni, við opnun Norðfjarðarganga og síðasta haust á 50 ára afmæli Norðfirðingafélagsins í Hörpu, reyndar bara nokkur lög. Þá fundum við fyrir miklum velvilja í okkar garð og eftirspurn eftir meiru. Því varð það úr að við ákváðum að spila í Bæjarbiói í Hafnarfirði.“



Hljómsveitin SúEllen mun flytja sín allra þekktustu lög á tónleikum í Bæjarbiói í Hafnarfirði annað kvöld. Mynd / Guðstaf Guðmundsson

SúEllen var vinsælast á árunum 1987-1994 og smellirir Símon, Elísa, Kona, Ferð án enda og Þessi nótt eru meðal laga sem náðu á vinsældalistan. Hljómsveitarmeðlimir hafa síðan oft komið saman og spilað við hátíðleg tækifæri. Árið 2003 sendi hún frá sér safnplötuna Ferð án enda og breiðskífan Fram til fortíðar kom út árið 2013.

„Við höfum ekki búíð á sama landshorninu síðan 1987. Sennilega er það djúpstæð vinátta og sameiginleg reynsla sem bindur okkur örjúfanlegum böndum,“ svarar Guðmundur þegar hann er spurður hvað heldur félögnum saman. „Svo án gríns þá eigum við stóran aðdáendahóp sem reglulega potar í okkur og biður um tónleika. Tónleikarnir í Bæjarbiói verða bara flugeldasýning, okkar allra þekktustu lög. Kannski teljum við í eitthvað nýtt en það verður þá væntanlega bara eitt eða tvö lög. Við erum oft að bauka í nýju efni þegar við hittumst og vonandi gefum við út ný lög á næstu árum,“ segir Guðmundur og búast má við hressilegum tónleikum frá þeim félögum.

Fresco Chef Meistarinn
Salat mánaðarins

1990 kr
Toppur fylgir frítt með


frisco



SÓFA- OG MOTTUMARS

1.000 kr af seldri mottu rennur til Krabbameinsfélagsins í mars

Sófar
10-40% afsláttur
Allar mottur
-10 til -50%



1. 59.000 kr
Stærð: 160x230
M. afsl.: 53.100 kr



2. 49.000/75.000 kr
Stærð: 160x230/200x290
M. afsl.: 39.200/60.000 kr



3. 59.000 kr
Stærð: 160x230
M. afsl.: 53.100 kr



4. 49.000/75.000 kr
Stærð: 160x230/200x290
M. afsl.: 39.200/60.000 kr



5. 24.500 kr
Stærð: 160x230
M. afsl.: 22.050 kr



6. 59.000 kr
Stærð: 160x230
M. afsl.: 53.100 kr



7. 49.000/75.000 kr
Stærð: 160x230/200x290
M. afsl.: 39.200/60.000 kr



8. 59.000 kr
Stærð: 160x230
M. afsl.: 53.100 kr

habitat 

 **TEKK**
COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17 OG SUN 13-17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Síðast en ekki síst

Eftir / Óttarr Proppé

Myndi kaupa Dverg og rífa hann

„Ég myndi kaupa Dverg og rífa hann,“ svaraði hafnfirskur vegfarandi þegar hann var spurður hvað hann myndi gera ef hann yrði bæjarstjóri í einn dag. Óskiljanlegt rugl hugsuðu flestir nema Hafnfirðingar sem þekktu allir stórhýsi trésmiðjunnar Dvergs sem þótti til stakrar óprýði. Og viti menn, í dag er ruglið orðið að veruleika. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar keypti Dverg og er búin að rífa hann.

Það gleður fátt eins og það að vera sannspár eða hafa verið fyrstur með góða hugmynd. Sérstaklega hafi hugdettan þótt út úr kú á sínum tíma, „förum til tunglsins“, „gröfum göng undir Hvalfjörðinn“, „blöndum malti við appelsín“, allt frábærar hugmyndir, ekki satt? Það sem vill gleymast við slíka upptalningu er að það eru ekki allar hugmyndir jafngóðar jafnvel þótt þær séu á skjön og hljómi út í hött.

Ég gæti til dæmis látið mér detta í hug að það væri sniðugt að rífa Esjuna og mala í mól til útlutnings. Ég er viss um að ég gæti fengið jarðfræðing til þess að reikna út rúmmál fjallsins, flett upp gjaldskrá skipafélaga og gúggla síðan heiltsöliverði á mól á helstu mörkuðum. Þetta myndi passa vel í rekstrarætlun, myndi sennilega auka hagvöxt og bæta viðskiptajöfnuð við útlönd.

En það er samt ömurleg hugmynd og væri fáránlegt að hleypa henni í framkvæmd. Alveg eins og það var ömurleg hugmynd að gefa kvótann, rugl að leyfa erlendum auðkyfingum að kaupa upp firði til að virkja afskekkt fossa og sum framlög okkar til Eurovision hefðu alveg mátt sitja heima. Það er undarlegt að leyfa einum manni að veiða hvali í hrópandi andstöðu við tíðaranda og almenningsálit og eiginlega ekkert nema óskiljanlegt að drepa síðasta geirfuglinn viljandi. Við Íslendingar erum góðir að fá hugmyndir, oft skrytnar og framsæknar. En við mætum vera duglegri að gera greinarmun á góðri hugmynd og rugli.



KRÓNAN

Mmm... bestur núna!



Ananas ferskur

269 kr. kg

Stillanleg rúm í úrvali

Gerid gæða- og verðsamanburð



DELUXE

Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann

Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:

- 80x200 cm **Verð aðeins kr. 74.900.-**
- 120x200 cm **Verð aðeins kr. 94.900.-**
- 160x200 cm **Verð aðeins kr. 119.900.-**
- 180x200 cm **Verð aðeins kr. 134.900.-**

Ath. fleiri stærðir í boði.

VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna

Góð millistíf heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstun. Verð með botni og fótum:

- 80x200 cm **Verð aðeins kr. 74.900.-**
- 120x200 cm **Verð aðeins kr. 94.900.-**
- 153x203 cm **Verð aðeins kr. 114.900.-**
- 180x200 cm **Verð aðeins kr. 134.900.-**

Ath. fleiri stærðir í boði.

SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum Verð með botni og fótum:

- 80x200 cm **Verð aðeins kr. 94.900.-**
- 140x200 cm **Verð aðeins kr. 139.900.-**
- 153x203 cm **Verð aðeins kr. 149.900.-**
- 180x200 cm **Verð aðeins kr. 169.900.-**

Ath. fleiri stærðir í boði.

Mikið úrval af hvíldarstólum

Verð frá kr. 69.900.-



Roberto Rafstillanlegur, leður nokkrir litir. Verð kr. 179.900.-

Úrval af stillanlegum rúmunum



TURIN stór og veglegur sófi með rafstillanlegum sætum og tungu Litir: Svart, hvítt og grátt Verð kr. 890.000.-



Frábært fyrir stórfjölskylduna

Sængur og heilsukoddar Mikið úrval



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík



Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00